# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

223. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 22. SEPTEMBER 2017




Kylfingar í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar (GKG) léku í gærkvöldi með sjálflýsandi boltum, mættu með höfuðljós og lýstu upp haustmyrkrið með leiftrandi golfi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Braskað með svefnlyf fyrir ofvirk börn

**Sprenging hefur orðið í bæði ávísunum lækna á svefnlyfið melatónín til barna sem og ólöglegum póstsendingum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við höfum sérstakar áhyggjur af þessu,“ segir Magnús Jóhannsson, læknir hjá Landlæknisembættinu og prófessor í lyfjafræði, um mikla aukningu í notkun svefnlyfsins melatóníns hjá börnum á undanförnum árum. Algengt er að börnum með ADHD sé gefið lyfið fyrir svefn. Aldrei hafa fleiri börn fengið ávísað melatóníni en í fyrra og hefur fjöldinn margfaldast frá árinu 2008.

Líkt og í Evrópu er melatónín flokkað sem lyf hér á landi sem bannað er að flytja inn en um er að ræða náttúrulegt hormón sem hefur svæfandi áhrif og eykur svefnhneigð. Ekki fara þó allir í gegnum lækna og fá því ávísað. Í Bandaríkjunum er lyfið flokkað sem fæðubótarefni og auðvelt að panta það í gegnum netverslanir.

Mörg dæmi eru um að foreldrar barna með ADHD hér á landi nálgist melatónín fyrir börn sín með því að panta það frá Bandaríkjunum. Einnig hefur verið hægt að kaupa lyfið á svörtum markaði íslenskra sölusíðna á Facebook.

Magnús segir aukna notkun gefa vísbendingar um að í einhverjum tilfellum séu börn að fá of stóra skammta af örvandi lyfjum eða á röngum tíma sólarhrings. „Okkur grunar að í sumum tilfellum sé verið að slá á aukaverkanir örvandi lyfja eða vegna ofskömmtunar.“



**Magnús Jóhannsson, læknir hjá embætti Landlæknis og prófessor í lyfjafræði.**

Þó læknar ávísi lyfinu vissulega til barna ítrekar Magnús að það sé ekki ætlað fólki yngra en 55 ára.

„Lyfjastofnun Evrópu miðar við 55 ára og eldri því það vantar almennilegar rannsóknir á yngra fólki,“ segir Magnús og bendir á að komið hafi fram áhyggjur um að það geti meðal annars haft áhrif á kynþroska barna og hormónabúskap.

Melatónín er markaðssett sem náttúrulegt og skaðlaust fæðubótarefni vestanhafs en Magnús bendir á að líkaminn framleiði alls konar hormóna sem eru síður en svo meinlausir í miklu magni. „Það er ekki allt náttúrulegt meinlaust.“ **– smj**

## Manndráp í Vesturbænum

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn eru í haldi lögreglu eftir að kona fannst látin í íbúð á Hagamel í Vesturbæ Reykjavíkur í gærkvöldi. Tilkynning barst lögreglu um tíuleytið og fóru sérsveitarmenn, lögreglumenn og sjúkrabílar á svæðið.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglu, staðfestir að grunur sé um líkamsárás sem leiddi til dauða konunnar. Tveir eru í haldi lögreglu, en annar þeirra er undir meiri grun en hinn um aðkomu að dauða hennar.

Lögregla var enn á Hagamel þegar Fréttablaðið fór í prentun, seint í gærkvöldi, að taka skýrslur af íbúum hússins og rannsóknardeild lögreglu skoðaði vettvang. Framundan eru yfirheyrslur yfir mönnunum. **-ktd**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um gott og vont íhald. 12



**SPORT** Tólf söguleg skref á ferli Ólafíu Þórunnar. 16

**MENNING** Leikritið Óvinur fólksins eftir Ibsen verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld. 24

**LÍFIÐ** Hin goðsagnakennda hljómsveit Foreigner er á leið til landsins. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ÞJÓNUSTA VIÐ ALDRAÐA**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðaustan kaldi í dag og víða rigning sunnan til en þurrt að mestu norðanlands. Hiti 6 til 13 stig.
SJÁ SÍÐU 20

# Sendur á Vog og ranglega rekinn

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að Icelandair beri að greiða dánarbúi flugstjóra tæplega sjötíu milljónir króna í skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar.

Manninum var sagt upp árið 2010 eftir að hafa verið almennur farþegi á heimleið eftir að hann hafði lokið verkefni á vegum Icelandair. Var honum sagt upp vegna þess að flugfélagið taldi hann hafa verið ölvaðan, með ógnandi hegðun og endurtekna kynferðislega áreitni í garð flugfreyja.

**70**

**milljónir króna þarf Icelandair að greiða í skaðabætur.**

Maðurinn var vegna þessa sendur á Vog til að kanna hvort hann væri með áfengissýki. Á Vogi kom hins vegar í ljós að maðurinn væri með efnaskiptasjúkdóm og sykursýki sem gætu valdið því að hann fyndi fyrir meiri ölvunaráhrifum en meðalmaðurinn. Á leiðinni heim hafði hann drukkið tvo bjóra, rauðvínsflösku og líkjöra en þótti ekki hafa neytt áfengis í óhófi.

Dómur héraðsdóms féll í júní á síðasta ári en skaðabótaskylda Icelandair var viðurkennd með dómi Hæstaréttar árið 2013.

Í niðurstöðu héraðsdóms árið 2013 kemur fram að ekki hafi verið um kynferðislega áreitni að ræða. Skilyrði fyrir kynferðislegri áreitni hefðu ekki verið uppfyllt heldur væri um óviðeigandi hegðun að ræða. **– þea, tpt**



# Sameinuðust í sjálfsvígsforvörnum



Fjölmargir mættu og þar á meðal herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, á góðgerðardaginn Af öllu hjarta í Kringlunni í gær. Verslanir og veitingastaðir hússins tóku sig þá saman og gáfu fimm prósent af veltu sinni til Pieta sjálfsvígsforvarnasamtakanna. Kiwanisklúbburinn Elliði keypti fyrsta gjafabréfið fyrir meðferð í nýju Pietahúsi og var starfsemi samtakanna kynnt gestum og gangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gæsluvarðhald stytt um heilar tíu mínútur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur samþykkti síðasta þriðjudag kröfu lögreglu um gæsluvarðhald yfir manni sem bíður dóms og var gæsluvarðhaldinu markaður hámarkstími til þriðjudagsins 17. október 2017 kl. 12.

Maðurinn kærði úrskurðinn til Hæstaréttar og krafðist þess að hann yrði felldur úr gildi eða að varðhaldinu yrði markaður skemmri tími.

Í niðurstöðu Hæstaréttar í gær er þess getið að hinn kærði úrskurður hafi verið kveðinn upp í þinghaldi 19. september og dómþingi svo slitið kl. 11.50. Lögum samkvæmt má ekki marka gæsluvarðhaldi lengri tíma en fjórar vikur og stytti Hæstiréttur því gæsluvarðhaldið um tíu mínútur eða til þriðjudagsins 17. október 2017 kl. 11.50. **– aá**






# Vilja undirgöng fyrir ríðandi vegfarendur

**Hestamenn segja gerð göngu- og hjólastígs neðan hesthúsa við Kaldárselsveg áhyggjuefni. Hröð umferð hjólreiðafólks nærri hestunum skapi hættu sem verði að afstýra. Helst vilja þeir fá göng undir akveginn fyrir reiðmenn og hestana.**

**UMFERÐ** „Göngustígur er hið besta mál en við höfum áhyggjur af malbikuðum hjólastíg,“ segir Þórunn Ansnes, framkvæmdastjóri Sörla í Hafnarfirði sem varað hefur við slysahættu sem gæti skapast vegna hjólastígs sem malbika á fram hjá hesthúsum hestamannafélagins.

Þórunn segir að í sumar hafi verið unnið við gerð stígs meðfram Kaldárselsvegi.

„Samkvæmt aðalskipulagi átti að koma þarna göngustígur en síðan hefur þetta þróast í hjólastíg,“ segir Þórunn sem sendi bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði bréf og lýsti miklum áhyggjum Sörlamanna.

Hesthúsin eru ofan við Kaldárselsveg en reiðvegurinn er handan hans. Nýi stígurinn er hins vegar hesthúsmegin. Hestafólk þarf því að fara yfir nýja stíginn til að komast á reiðgötuna.

„Hröð umferð reiðhjólamanna og ríðandi vegfarenda fer illa saman og er ávísun á slys,“ segir í bréfi Þórunnar til bæjarins. Stemma þurfi stigu við hraða hjólreiðamanna við hesthúsabyggðina við Hlíðarþúfur.

„Besta lausn til framtíðar að okkar mati eru undirgöng sem myndu liggja bæði undir reiðhjólastíginn og Kaldárselsveginn.“ Í millitíðinni þurfi lausnir á borð við að hjólreiðastígurinn verði ekki malbikaður við Hlíðarþúfur, að settar verði varúðarmerkingar, að hestamenn hafi forgang og bið-skylda verði hjá hjólreiðafólki. Jafnvel að hlið hægi á hjólandi umferð.

Í samtali við Fréttablaðið bendir Þórunn á að fólk á reiðhjólum sé hljóðlaust og oft í skærum litum.



Þórunn Ansnes, framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði við nýja göngu- og hjólastíginn við hestahúsabyggðina. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Hröð umferð reiðhjólamanna og ríðandi vegfarenda fer illa saman og er ávísun á slys.
>
> Þórunn Ansnes, framkvæmdastjóri Hestamannafélagsins Sörla

„Það birtist kannski skyndilega og þá fælast hestar og það verða slys. Við erum alls ekkert á móti þessu en viljum að þetta sé gert eins öruggt og hægt er. Þá þarf að gera ráðstafanir svo þessi umferð fari saman; að hægja á hjólaumferðinni eða þá að sleppa því að malbika stíginn. Það eru alls konar aðferðir til. Núna eru þrjár leiðir frá hesthúshverfinu yfir á reiðgötuna en það væri í sjálfu sér nóg að hafa bara eina örugga leið og það sem við vildum helst er að gerð yrðu undirgöng.“ **gar@frettabladid.is**




## Sá fyrsti sinnar tegundar

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir akstursreiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Heilabilaðir í Garðabæ þurfa að bíða heima og fá ekki dagþjálfun

**HEILBRIGÐISMÁL** Engin dagþjálfun fyrir heilabilaða einstaklinga er starfrækt í Garðabæ en það úrræði er fyrir hendi í öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins, auk Reykjanesbæjar, Akureyrar og Árborgar. Jón Snædal, yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala, telur mikilvægt að það úrræði sé fyrir hendi í Garðabæ fyrir skjólstæðinga þeirra í því sveitarfélagi.

Um þrjátíu einstaklingar í Garðabæ með heilabilun þurfa á úrræðinu að halda að mati Jóns. Tólf sjúklingar hafa fengið þessa dagþjálfun í Hafnarfirði upp á síðkastið en átján eru á biðlista.

Þeir staðir þar sem boðið er upp á dagþjálfun eru skilgreindir sem heilbrigðisstofnanir og eru reknir á daggjöldum frá Tryggingastofnun ríkisins. „Það er okkar von að bæjarstjórn Garðabæjar beiti sér fyrir því að opnuð verði þjónusta af þessu tagi í sveitarfélaginu,“ segir Jón.

„Um þrjátíu manns þurfa á þessu að halda í Garðabæ og meirihluti þeirra er enn bíðandi heima,“ bætir Jón við. „Það er okkar niðurstaða að lífsgæði þessa fólks verði almennt betri við þessa þjálfun og hitt er að það er alveg ljóst að það seinkar hjúkrunarheimilisvist og fækkar þeim sem þurfa að liggja á Landspítala í bið eftir hjúkrunarheimili sem eru dýrari úrræði en dagþjálfun. Lýðfræðin segir okkur einnig að fleiri þurfi á þessari þjónustu að halda og þar sem verið er að byggja á lóðum fyrir eldra fólk er hætta á að einstaklingum á þessu svæði með sjúkdóma af þessu tagi fjölgi.“



Áslaug Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Garðabæjar.

Málið var tekið fyrir í bæjarráði Garðabæjar í byrjun síðustu viku. Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs, segir bæjarfélagið ætla að skoða málið og finna hentugt húsnæði fyrir þessa starfsemi. Þörf sé á úrlausn fyrir þetta fólk og málið því í vinnslu innan bæjarkerfisins. „Okkur barst þetta bréf og við ákváðum að skoða þetta mál og finna húsnæði.“

Bæjarráð vísaði bréfinu til umfjöllunar fjölskylduráðs og nefndar um málefni eldri borgara í sveitarfélaginu. **– sa**

## Ætlar að kynna frumvarp um uppreist æru

**ALÞINGI** Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra mun í dag kynna frumvarp um breytingu á lögum um uppreist æru fyrir formönnum þeirra flokka sem sæti eiga á Alþingi. Hún segist bjartsýn á að samstaða náist á þingi um málið þrátt fyrir að illa hafi gengið að ákveða hvaða mál eigi að afgreiða fyrir kosningar.

Að sögn Sigríðar felst breytingin í því að heimild til að veita uppreist æru yrði afnumin en um leið yrði ákvæðum fjölmargra laga er lúta að borgararéttindum breytt. **– hh**



Tryggvi Gunnarsson FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Telur ekki þörf á rannsókn

**STJÓRNSÝSLA** Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, telur ekki þörf á að rannsaka embættisfærslur Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra og Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra varðandi atvikið þegar Sigríður sagði Bjarna frá því að faðir hans væri á meðal umsagnaraðila á umsókn dæmds kynferðisbrotamanns um uppreist æru.

Þetta kom fram á lokuðum fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í gær þar sem Tryggvi mætti og ræddi reglur og framkvæmd við uppreist æru. **– skh**

# Óvissa um meðferð skattamála ríkir enn eftir dóm Hæstaréttar

**Það á eftir að skýrast hvaða áhrif dómur Hæstaréttar hefur á meðferð mála sem tengjast brotum gegn skattalögum. Verjandi ætlar líklega að kæra til Mannréttindadómstólsins.**



Sjö hæstaréttardómarar dæmdu í málinu í gær en slíkt er fátítt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**DÓMSMÁL** Dómur manns sem sakfelldur var í Hæstarétti í gær fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum verður líklega kærður til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE). Héraðssaksóknari segir að unnið sé að því að tryggja að málsmeðferð hjá embættinu uppfylli skilyrði dómstólsins.

Niðurstöðu málsins hafði verið beðið með nokkurri eftirvæntingu en sjö dómarar dæmdu í málinu. Slíkt er fátítt. Upphaflega stóð til að málið yrði flutt í byrjun árs en því slegið á frest þar til MDE kvæði upp dóm sinn í máli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar gegn Íslandi. Í maí kvað MDE upp dóm sinn, meðferð ríkisins á máli Jóns Ásgeirs og Tryggva braut gegn ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu um bann gegn því að refsa tvisvar fyrir sama brot.

Atvik málsins í gær voru um margt sambærileg hinu fyrra máli. Var á því byggt í vörninni að vísa bæri málinu frá dómi þar sem maðurinn hefði sætt endanlegum úrskurði skattayfirvalda um álag á skattstofn vegna sömu brota og nú væri ákært fyrir. Því fælist í þessu tvöföld refsing fyrir sama brot.

Í niðurstöðu sinni vísaði Hæstiréttur til þess að MDE hefði lagt til grundvallar að heimilt væri að reka tvö aðskilin mál, líkt og í þessu tilfelli, fyrir skattalagabrot að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Málin tvö þyrftu að vera samþættanleg í efni og tíma til að slíkt sé heimilt. Í dómnum eru ferli og efni málsins ítarlega rakin og komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmd þess hafi uppfyllt viðmið MDE.

„Ég á eftir að kafa ofan í dóminn og melta þær röksemdir sem tíndar eru til en fljótt á litið sýnist mér að þetta eigi fullt erindi til MDE,“ segir Ragnar H. Hall, verjandi í málinu. Hann vildi ekki tjá sig um niðurstöðuna að öðru leyti.

Rekstur yfir hundrað mála hjá skattayfirvöldum og saksóknaraembættum beið niðurstöðu Hæstaréttar. Niðurstaðan er að mörgu leyti ekki afdráttarlaus og margt á því eftir að skýrast. „Það er annar hver maður hér innanhúss að lesa dóminn núna. Á næstunni eru fundir með Ríkissaksóknara um hver næstu skref verða. Það er ekki ljóst í augnablikinu hver áhrifin verða af þessu,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari.

„Það er hins vegar ekki svo að dómur MDE hafi engin áhrif þó dómur í þessu máli hafi verið staðfestur. Við ætlum að skoða verklagið og tryggja að það standist kröfur MDE.“ **johannoli@frettabladid.is**

**» Rekstur yfir hundrað mála hjá skattayfirvöldum og saksóknaraembættum biðu niðurstöðu Hæstaréttar.**

### Skilaði sératkvæði

Í máli Jóns Ásgeirs og Tryggva tók rekstur málsins hátt í tíu ár frá því það hófst og þar til Hæstiréttur dæmdi í því. Málið hafði í gær verið í sex ár og fjóra mánuði til meðferðar.

„Þetta skilur kannski eftir spurningu um málin sem tóku lengri tíma en málið í gær en skemmri tíma en mál Jóns og Tryggva,“ segir Ólafur Þór.

Einn dómari í málinu í gær, Benedikt Bogason, skilaði sératkvæði og vildi vísa málinu frá héraðsdómi.


# ÚTGÁFUHÓF
í dag, 22. sept. kl. 17:00
í Pennanum Eymundsson, Austurstræti.






Stefán Sturla les upp úr nýrri spennusögu sinni, spjallar við gesti og áritar bækur með glöðu geði.

ALLIR VELKOMNIR

ORMSTUNGA


# Umsókn um uppreist æru aldrei til tals

**STJÓRNSÝSLA** „Ég vil ítreka að meðmælin voru eingöngu vinnutengd. Uppreist æru kom aldrei til tals,“ segir Haraldur Þór Teitsson, framkvæmdastjóri hópferðabílafyrirtækisins Teits Jónassonar, um þau ummæli Hjalta Sigurjóns Haukssonar á Vísi í vikunni að Haraldur hafi vitað fullvel að meðmæli sem hann skrifaði undir hafi verið vegna umsóknar Hjalta um uppreist æru.

Haraldur hafði áður sent frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagði að hann hefði ekki vitað né samþykkt að vinnutengd meðmæli hans með Hjalta yrðu notuð til að sækja um uppreist æru.

Hjalti svaraði þessu á Vísi með því að segja Haraldur hafi vitað tilgang bréfsins. Haraldur og hinn meðmælandinn, Sveinn Eyjólfur Matthíasson, sem einnig kveðst hafa verið blekktur, séu bara hræddir.

„Það er búið að taka mig af lífi og þeir vilja ekki vera næstir á gálgann.



Hjalti Sigurjón Hauksson.

**Meðmælabréfin voru stíluð á þá sem málið varðaði, eins og venja er, en alls ekki á ráðuneyti, hvað þá heila ríkisstjórn.**

Haraldur Þór Teitsson, framkvæmdastjóri hópferðabílafyrirtækisins Teits Jónassonar

Ég skil þá vel,“ sagði Hjalti og segir þá hafa rétt honum hjálparhönd í þeirri trú að um trúnaðargögn væri að ræða sem enginn ætti nokkurn tíma eftir að lesa nema ráðuneyti og ríkisstjórn. Þessu vísar Haraldur Þór á bug.

„Meðmælabréfin voru stíluð á þá sem málið varðaði, eins og venja er, en alls ekki á ráðuneyti, hvað þá heila ríkisstjórn. Ég bjóst bara við þeim trúnaði sem almennt gildir um meðmælabréf.“

Sem kunnugt er var Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, þriðji meðmælandi Hjalta í umsókninni sem varð til þess að hann fékk uppreist æru í fyrra. Benedikt hefur gengist við því að hafa léð meðmælabréfi Hjalta undirskrift sína í þeim tilgangi.

Fréttablaðið greindi í vikunni frá því að Haraldur íhugi að leita réttar síns vegna málsins. Hann hafi falið lögmanni að óska eftir gögnum þess hjá dómsmálaráðuneytinu. **– smj**

Way of Life!

SUZUKI

# SWIFT 4X4

## ... FYRIR ÖRYGGIÐ OG VETURINN

VERÐ FRÁ KR.

**2.550.000**

KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM SWIFT




Suzuki tókst hið ómögulega, að gera nýjan Swift enn betri. Hann er kraftmeiri, léttari, sparneytnari, rúmbetri og svo er hann fullur af tækninýjungum.

Sjón er sögu ríkari, komdu í heimsókn og kynntu þér nýjan Suzuki Swift 4x4.

ALLGRIP

4WD All-grip skapar akstureiginleika í sérflokki.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

## Leitað í rústunum



Slökkviliðsmaður, sjálfboðaliði og hermaður leita í rústum byggingar í Mexíkóborg. Fjölmargra er enn saknað eftir að 7,1 stigs jarðskjálfti reið yfir borgina og kostaði að minnsta kosti 237 lífið. Jarðskjálftinn varð á 32 ára afmæli annars enn stærri jarðskjálfta. Sá kostaði um 10.000 manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

# Fóru lyklalausir í útkall

**Lykil vantaði að götulokunarhliðum borgarinnar í útkalli sjúkrabíls með veika konu á Skólavörðustíg. Borgin hafnar fullyrðingum hennar um áhrif lokananna.**

**REYKJAVÍKURBORG** „Af einhverri ástæðu höfðu þeir skipt um bíl þennan dag og voru ekki með lykilinn,“ segir Brynjar Þór Friðriksson, aðgerðastjóri hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu, um atvik er sjúkrabíll komst ekki upp Skólavörðustíg með veika konu.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær segir Hildur Bolladóttir, sem býr og starfar á Skólavörðustíg, að þegar aka hafi átt henni með sjúkrabíl um miðjan ágúst hafi ekki verið lykill í bílnum til að opna hlið sem lokar Skólavörðustíg við Bergstaðastræti.

„Það eiga að vera lyklar í öllum bílum hjá okkur en þeir voru á bíl sem er venjulega ekki fremstur hjá okkur heldur varabíll,“ segir Brynjar. Eftir atvikið hafi verið gætt að því hvort lyklar væru í öllum sjúkrabílum „Og var þá bætt á þar sem það vantaði,“ segir hann. „Við erum með tvö sett af lyklum. Erum annars vegar með lykla að spítölum og slíkum stöðum og hins vegar að hliðunum hjá borginni. Þar er einn lykill að öllu.“

Aðspurður segir Brynjar töfina aðeins hafa verið smávægilega.

„Ég ræddi við starfsmanninn sem keyrði og hún sagðist bara hafa þurft að taka U-beygju og verið smá stund að fara fram og til baka. Ég held að sjúklingurinn hafi farið í Fossvog þannig að það var bara farið niður á Hverfisgötu og upp eftir,“ segir Brynjar sem játar því þó að betra hefði verið að fara hina leiðina, beint upp Skólavörðustíg.



> „Engar mælingar sýna að áhrif af lokunum gatna á verslun og þjónustu séu slæm.
>
> Gunnar Hersveinn, verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg

„Tími er alltaf faktor í öllu en við erum með menn, tæki og búnað til þess að vinna þá í málunum í staðinn,“ segir hann. Sjúkraflutningamenn lendi iðulega í ýmsum hindrunum. „Það er einfaldlega raunveruleiki sem við búum við en við erum alltaf lausnamiðaðir og reynum að finna lausnir og leiðir.“

Gunnar Hersveinn, verkefnastjóri miðlunar hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, segir frétt Fréttablaðsins í gær með frásögn Hildar Bolladóttur hafa verið einhliða. Völdum götum sé breytt í göngugötur yfir tiltekinn tíma í fullu samráði og með nánum samskiptum borgarstarfsmanna, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga.

„Allir þessir aðilar eru með lykla til að opna hvenær sem er, og eiga að vera með í bílunum sínum,“ segir Gunnar sem tekur ekki undir með Hildi sem kvað götulokanir hafa slæm áhrif á verslun í miðbænum.

„Engar mælingar sýna að áhrif af lokunum gatna á verslun og þjónustu séu slæm. Þvert á móti eru þessar götur iðandi af mannlífi,“ segir Gunnar. Kannanir sýni að 75 prósent íbúa í Reykjavík séu jákvæð gagnvart göngugötum í miðbænum.

„Annar hópur fólks, sem kann vel við að ganga um götur þar sem bílar eru ekki til staðar og þar sem betri hljóðvist er, kemur gjarnan í bæinn.“

Þótt Hildur hafi sagt að eiturlyfjasalar og annar glæpalýður ætti skjól fyrir lögreglu að næturlagi þar sem götur séu lokaðar fyrir bílum þá segir Gunnar að engar upplýsingar séu til um að einhver ósómi þrífist á göngugötum vegna þessara lokana.

„Að sjálfsögðu kemst lögreglan og aðrir aðilar eins og slökkvilið og sjúkrabílar allra sinna leiða um þessar götur til að sinna erindum sínum,“ segir verkefnisstjóri miðlunar. **gar@frettabladid.is**




**Audi A3 Attraction**
1.4 TFSI
Ekinn 18.000
2016 4.390.000 KR
17" álfelgur, rafdrifin framsæti, lyklalaust aðgengi, krómpakki, rafdrifin mjóbaksstuðningur, nálgunarvörn framan og aftan, sjálfvirk loftkæling, aksturstölva í lit, bakkmyndavél, Alcantara leður innrétting, sportsæti o.fl.

Raf / Bensín
Ekinn þús. km.
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif
Metan & bensín
Sjálfskiptur
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

**Margar stærðir, fleiri litir.**

Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



**Skoda Octavia Amb.**
1.6 TDI
47
2013 2.590.000 KR



**VW Golf Comfortline**
1.4 TSI
71
2013 2.220.000 KR



**Kia Ceed Wagon**
EX
63
2015 2.940.000 KR



**Mitsubishi Lancer**
Intense 1.8
127
2009 1.490.000 KR



**Chevrolet Captiva**
2.2
104
2012 2.790.000 KR



**Dacia Duster 4x4**
Dísil
77
2012 1.650.000 KR

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

Volkswagen · ŠKODA · MITSUBISHI MOTORS


Úrvalið er hjá okkur!
Sturtuveggir
Hert öryggisgler 8 og 10 mm.
Breidd 70 til 120 cm.
Line innréttingar
Postulínshandlaugarborð.
Breidd 60, 70, 80, 90, 100 og 120 cm.
Dýpt 36, 39 og 46 cm.
Salerniskassi
fyrir upphengd salerni
Ál og hert öryggisgler
Hvítt / Svart
Innrétting með handlaug,
höldum,ljósi,spegli & hillu
stærð: 60 x 48 cm
Verð 39.900 kr
Gæði og gott verð!
Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardagara 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# Markmiðið hlýtur að vera að fækka brotum

Aukin áhersla á samþykki í nauðgunarákvæði almennra hegningarlaga gæti dregið úr brotum. Frumvarp um slíkt var lagt fram á þingi í vor en ekki samþykkt. Lagaprófessor telur gagnslaust að afnema verknaðarlýsingu úr ákvæðinu.



Ragnheiður segir frumvarp Viðreisnar draga samþykki fram í dagsljósið. Það sé auðskiljanlegt og geti hugsanlega fyrirbyggt brot. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**SAMFÉLAG** Það kann að vera mögulegt að fækka nauðgunarbrotum með því að breyta nauðgunarákvæði í almennum hegningarlögum og efla forvarnir. Þetta kom fram í máli Ragnheiðar Bragadóttur, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, á hádegisfyrirlestri Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum í gær.

Ragnheiður vakti athygli á því að núgildandi nauðgunarákvæði væri frá árinu 2007. Á árunum 2007 til ársins 2013 hefði sex sinnum verið flutt frumvarp á Alþingi um að afnema verknaðarlýsingu úr nauðgunarákvæðinu. Ástæðan væri sú að dómar vegna nauðgunar væru of fáir.

Prófessorinn telur hins vegar að með þeirri breytingu sem lögð var til yrði ákvæðið of óljóst til þess að uppfylla skilyrði um skýrleika refsiheimilda og hefði ekki orðið til þess að fjölga dómum.

„Síðastliðið vor var skilgreining á nauðgun út frá samþykki tekin upp að nýju þegar fjórir þingmenn Viðreisnar fluttu frumvarp um breytingu á fyrstu málsgrein 194. greinar,“ sagði Ragnheiður. Með samþykkt frumvarpsins yrði betur skilgreint hvenær samþykki er fyrir hendi og hvenær ekki. „Þessi tillaga er að mínu mati miklu betri en tillagan sem kom fram fyrir tíu árum,“ segir Ragnheiður.

> Þessi tillaga er að mínu mati miklu betri en tillagan sem kom fram fyrir tíu árum.
>
> Ragnheiður Bragadóttir lagaprófessor

Ragnheiður segir hugmyndir síðastliðinna tíu ára um breytingar á nauðgunarákvæðinu hafa haft það að markmiði að fjölga sakfellingardómum fyrir nauðgun. Reynsla Englendinga sýni að lágt sakfellingarvandamál sé líka vandamál þótt að það sé byggt á skilgreiningum nauðgunar út frá samþykki.

Sænskir sérfræðingar sem helst hafa mælt með ákvæði, þar sem samþykki er í forgrunni, telja ekki endilega að það auki líkur á að ákærum fjölgi. Hins vegar felist í því staðfesting á jafnræði kynjanna og kynferðislegum sjálfsákvörðunarrétti. Þeir telja sem sagt að þessi leið sé ekki til þess fallin að fjölga sakfellingardómum heldur leiði hún til færri brota. „Og kannski er það líka aðalatriðið. Markmiðið hlýtur að vera að fækka nauðgunarbrotum. En til þess er svo margt annað sem við þurfum að líta til en nauðgunarákvæðið. Til dæmis öflugar forvarnir,“ segir Ragnheiður.

jonhakon@frettabladid.is

## Ólíkar tillögur að 194. grein hegningarlaga

**1. málsgrein 194. greinar í núgildandi lögum**
Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

**1. málsgrein 194. greinar samkvæmt tillögu Viðreisnar**
„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef það er fengið með ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung, eða með því að beita blekkingum eða hagnýta sér villu viðkomandi um aðstæður. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.“

**1. málsgrein 194. greinar án verknaðarlýsingar**
„Hver sem gerist sekur um nauðgun skal sæta fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ
Samgönguráð
Samgöngustofa
VEGAGERÐIN

## Samgönguþing 2017
## 28. september 2017
## á Hótel Örk í Hveragerði

**Dagskrá**
***Kl. 10:00 Bæjarstjóri Hveragerðis, Aldís Hafsteinsdóttir, býður fundargesti velkomna***
Ávarp Jóns Gunnarssonar ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála
***Kl. 10:15–11:15 Samgönguáætlun – staða***
Formaður samgönguráðs, Ásmundur Friðriksson
Forsvarsmenn samgöngustofnana – pallborð
Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið – Sigurbergur Björnsson
Vegagerðin – Hreinn Haraldsson
Samgöngustofa – Þórólfur Árnason
Isavia – Björn Óli Hauksson
***Kl. 11:15 Framtíðarsýn í samgöngum***
– Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor við HÍ

***11:45 Hádegishlé***

***Kl. 12:20 Hvítbók: Ákvarðanataka í samgöngum***
– dr. Gunnar Haraldsson hagfræðingur
***Kl. 12:45 Flug sem almenningssamgöngur og mikilvægi þess fyrir búsetugæði á landsbyggðinni***
– Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar
***Kl. 13:10 Góðar samgöngur, grunnur samkeppnishæfs samfélags***
– Haukur Óskarsson tæknifræðingur
***Kl. 13:25 Framkvæmdir á stofnvegum út frá höfuðborgarsvæðinu***
– dr. Eyjólfur Árni Rafnsson verkfræðingur – kynning – umræður
***Kl. 14:15 Málstofur***
a. Umferðaröryggi – nýjar áskoranir og verkefni
b. Orkuskipti í samgöngum og loftslagið
c. Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu
d. Hafnamál og nýjungar í útgerð
***Kl. 15:15 Kaffi***
***Kl. 15:30 Samantekt úr málstofum***
***Kl. 16:00 Þinglok – léttar veitingar***

**Fundarstjóri er Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar**

Boðið verður upp á ókeypis far með rafrútu á þingið. Farið verður frá samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytinu við Sölvhólsgötu kl. 09:00 og komið við á bensínstöðinni í Norðlingaholti um kl. 09:15.

Lagt verður af stað til Reykjavíkur frá Hótel Örk kl. 17:00. Komið verður við á bensínstöðinni í Norðlingaholti á leiðinni að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Þangað verður komið um kl. 18:00.

Þátttakendur eru beðnir að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið: kristin.hjalmarsdottir@srn.is.

Þátttakendur eru jafnframt beðnir að taka fram hvort þeir þiggja far með rútu á þingstað.

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

LYFJA – Lifið heil
Fyrir þig í Lyfju

15% afsláttur
af öllum Nicotinell Fruit pakkningum

**Gildir út september 2017**
Nicotinell Classic/Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan RENAULT ef þú pantar fyrir 30. september

RENAULT Passion for life

# Þú tankar sjaldnar á Renault sendibíl




## KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU

Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.

### RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: **2.217.741** kr. án vsk.
2.750.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Kangoo að verðmæti **250.000 kr.**

### RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: **2.943.548** kr. án vsk.
3.650.000 kr. m. vsk.
Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Trafic að verðmæti **300.000 kr.**

### RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: **3.782.258** kr. án vsk.
4.690.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Master að verðmæti **350.000 kr.**

www.renault.is

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM83895

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Harðari þvinganir gegn Norður-Kóreu

**Bandaríkjaforseti undirritaði í gær tilskipun um nýjar viðskiptaþvinganir gegn Norður-Kóreu. Kínverskum bönkum gert að hætta viðskiptum við nágrannaríkið. Utanríkisráðherra Norður-Kóreu líkti Bandaríkjaforseta við geltandi hund og segir hann í draumalandi.**

**NORÐUR-KÓREA** Donald Trump Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær um enn frekari viðskiptaþvinganir gegn einræðisríkinu Norður-Kóreu. Tilskipun forsetans veitir fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna heimild til þess að refsa fyrirtækjum og einstaklingum sem stunda viðskipti við Norður-Kóreu.

„Við ráðumst í þessar aðgerðir til þess að skera á spenann sem fjármagnar vinnu Norður-Kóreu við að þróa hættulegasta vopn sem maðurinn þekkir," sagði forsetinn þegar hann tilkynnti fjölmiðlum um tilskipunina í gær. Stutt er síðan norðurkóreski herinn sprengdi vetnissprengju í fyrsta skipti. Fyrir tveimur vikum refsaði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna Norður-Kóreumönnum fyrir tilraunina með viðskiptaþvingunum.

Trump sagði einnig að Seðlabanki Kína hefði beint þeim tilmælum til annarra kínverskra banka að hætta öllum viðskiptum við Norður-Kóreumenn. Bandaríkin myndu einna helst beina sjónum sínum að því að draga úr textíl-, fisk-, upplýsingatækni- og framleiðsluiðnaði í Norður-Kóreu.



Trump fundaði með Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetinn fundaði með leiðtogum Suður-Kóreu og Kína í gær en allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stendur nú yfir. Fyrr um daginn tjáði Ri Yong-ho, utanríkisráðherra Norður-Kóreu, sig um eldræðu Trumps frá því á mánudag. Var það fyrsta opinbera svar einræðisríkisins við ræðunni.

„Ef Trump ætlaði sér að koma okkur á óvart með því að hljóma eins og geltandi hundur er hann í einhvers konar draumalandi," sagði Ri Yong-ho, utanríkisráðherra Norður-Kóreu, við blaðamenn á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær.

Trump sagði þá að heimssamfélagið yrði að sameinast gegn Norður-Kóreu og fá ríkisstjórn Kim Jong-un til þess að hætta að þróa kjarnorkuvopn. Ef Norður-Kórea myndi ógna Bandaríkjunum myndi Trump sjá til þess að ríkið yrði gjöreyðilagt. „Eldflaugamaðurinn er í sjálfsmorðsleiðangri," sagði Bandaríkjaforsetinn enn fremur og vitnaði þannig í lag Eltons John, Rocket Man. Ri sagðist vorkenna starfsfólki Trumps þegar utanríkisráðherrann var spurður út í Rocket Man-ummælin.

**Ef Trump ætlaði sér að koma okkur á óvart með því að hljóma eins og geltandi hundur er hann í einhvers konar draumalandi.**

Ri Yong-ho, utanríkisráðherra Norður-Kóreu



Norður-Kórea hefur undanfarið svarað viðskiptaþvingunum með því að gefa í frekar en að draga úr. Þannig var nýsamþykktum þvingunum Sameinuðu þjóðanna til dæmis svarað með því að efla vopnaframleiðslu.

Suður-Kórea tilkynnti í gær að ríkið myndi standa fyrir mannúðaraðstoð í norðrinu í fyrsta sinn í nærri tvö ár. Ætlar sameiningarráðuneyti Suður-Kóreu að sjá börnum og óléttum konum fyrir hjálp og stendur til að verja um 860 milljónum króna í verkefnið. thorgnyr@frettabladid.is



# Heimsfræg hönnun

Hágæða húsgögn og glæsileg gjafavara með góðum afslætti í tilefni Artek-sýningarinnar frá 21. september til 8. október.

**artek**

**25% afsláttur** af öllum Artek-vörum á meðan sýningin stendur yfir.



Hönnun Alvar Alto

**vitra.** **Sértilboð og frábær vildarafsláttur** af gæðavörum frá Vitra.



Eames DSR
**Vildarverð:** 34.900 **kr.**
Fullt verð: 45.900 kr.
Ray og Charles Eames, 1950

Eames DSW
**Vildarverð:** 47.900 **kr.**
Fullt verð: 63.900 kr.
Ray og Charles Eames, 1950

Eames DAW
**Vildarverð:** 59.900 **kr.**
Fullt verð: 82.900 kr.
Ray og Charles Eames, 1950



Ball Clock
**Vildarverð:** 29.900 **kr.**
Fullt verð: 37.900 kr.
George Nelson, 1948



Eames House Bird
**Vildarverð:** 16.900 **kr.**
Fullt verð: 19.900 kr.



Hang it all
**Vildarverð:** 29.900 **kr.**
Fullt verð: 36.900 kr.
Charles & Ray Eames, 1953

Opið virka daga 8:00–18:00
Laugardaga 11;00–15:00
Sunnudaga 11:00–15:00

Skeifunni 10, Reykjavík

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Penninn Húsgögn

ÍSLENSKA/SIA.IS PEN 85872 9/17

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Á byrjunarreit



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Stjórnmálamenn starfa ekki í tómarúmi. Ákvarðanir sem þeir – og stjórnvöld – taka geta skipt sköpum fyrir væntingar fjárfesta, fyrirtækja og almennings gagnvart framtíð hagkerfisins. Í síðustu viku var ein slík afdrifarík ákvörðun tekin, fullkomlega að óþörfu, með fyrirsjáanlegum afleiðingum. Óþarfi er að fjölyrða um aðdraganda stjórnarslitanna. Björt framtíð, flokkur sem hefur mælst með um þriggja prósenta fylgi, kaus að sprengja stjórnina og um leið valda ómældu tjóni og óvissuástandi á sem flestum sviðum samfélagsins næstu mánuði. Útskýringar um meinta leyndarhyggju og trúnaðarbrest eru með svo miklum ólíkindum að það tekur nánast engu tali. Umboðsmaður Alþingis er sama sinnis og telur ekkert tilefni til að aðhafast í málinu.

Stjórnarslitin eru hins vegar orðinn hlutur, fyrir tilstilli óðagots Bjartrar framtíðar, og fram undan eru fjórðu kosningarnar á átta árum. Aðeins í Grikklandi hafa verið fleiri kosningar í Evrópu eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna. Pólitískur óstöðugleiki fer að verða viðvarandi ástand hérlendis. Slíkur stimpill mun til lengri tíma hafa neikvæð áhrif á lánshæfismat Íslands og erlenda fjárfestingu.

Skammtímaáhrifin hafa hins vegar brotist út af fullum þunga á undanförnum dögum. Hlutabréfaverð hefur verið nánast í frjálsu falli, ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf snarhækkað og gengi krónunnar hefur gefið eftir. Ekkert af þessu þarf að koma á óvart. Pólitísk óvissa er eitur í beinum fjárfesta og fyrirtækja. Við bætast áhyggjur af því að komandi þingkosningar skili ekki skýrum pólitískum niðurstöðum, sem væri grundvöllur til myndunar traustrar ríkisstjórnar, heldur að við taki margra mánaða stjórnarkreppa. Við slíkar aðstæður munu stórar fjárfestingar sitja á hakanum og fjárfestar, innlendir sem og erlendir, gætu kosið með fótunum og flutt fé sitt úr landi. Fjármagnshöftin, sem voru afnumin nánast að fullu fyrr á árinu, höfðu áður verndað stjórnvöld fyrir slæmum ákvörðunum. Þær aðstæður eru hins vegar sem betur fer ekki lengur fyrir hendi.

Ásamt því að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði þá voru stærstu verkefni fráfarandi ríkisstjórnar að endurskoða peningastefnuna og hefja löngu tímabært söluferli á bönkunum. Þau mál hafa líkast til færst aftur á byrjunarreit. Verkefnisstjórn sem áformaði að skila tillögum undir lok árs um endurmat á forsendum peninga- og gjaldmiðlastefnu Íslands starfar núna án nokkurs pólitísks umboðs. Þá er ljóst að ekkert verður af fyrirhuguðu útboði og skráningu Arion banka á árinu en sú skráning hefði varðað veginn fyrir stjórnvöld við sölu á hinum bönkunum og markað fyrsta skrefið í því að koma á eðlilegu eignarhaldi á bankakerfinu. Fáir stjórnmálamenn hafa skilning á mikilvægi þess að það gerist sem fyrst.

Staðan er þessi. Þrátt fyrir mikinn efnahagsuppgang þá hefur Seðlabankinn engu að síður verið að lækka vexti enda hafa verðbólguvæntingar haldist undir markmiði bankans um langt skeið. Slíkar aðstæður í hagsögu Íslands eru fordæmalausar. Þetta kann núna að breytast. Frekari vaxtalækkanir á næstunni, eins og útlit var fyrir, virðast vera úr sögunni. Fjárfestar gera nú ráð fyrir mun meiri verðbólgu og hættan er því frekar sú að Seðlabankinn sjái ástæðu til þess að breyta um kúrs og hækka vexti.

Allt þetta og meira til er í boði Bjartrar framtíðar. Vonandi hafa kjósendur það í huga áður en þeir veita slíkum smáflokkum brautargengi í enn einum kosningunum – líklega þeim tilgangslausustu í lýðveldissögunni.

**Útskýringar um meinta leyndarhyggju og trúnaðarbrest eru með svo miklum ólíkindum að það tekur nánast engu tali.**




**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Óþreyjan**

**Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, var skýrmæltur eftir fund sinn með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í gær. Ekki væri tilefni til þess að rannsaka embættisfærslur Sigríðar Andersen þegar hún greindi Bjarna Benediktssyni frá því að faðir hans væri meðal umsagnaraðila dæmds barnaníðings um uppreist æru. Tryggvi sér ekki ástæðu til að hefja frumkvæðisrannsókn á málinu. Í framhaldinu verður hver að spyrja sig að því hvort þetta þýði að Björt framtíð hafi hlaupið á sig þegar hún sleit ríkisstjórnarsamstarfinu vegna þess máls. Eða hvort eðlilegra hefði verið að anda djúpt og bíða.**

**Tilgangslaus bið**

Um skeið hefur verið stefnt að samgönguþingi í Hveragerði þann 28. september. Mest eftirvænting hefur verið fyrir því að Jón Gunnarsson samgönguráðherra kynni útfærslur á hugmyndum sínum um endurbætur á samgönguleiðum til höfuðborgarinnar og vegtolla. En þótt beðið hafi verið með eftirvæntingu kann núna að vera tilgangslaust að kynna þessar hugmyndir. Kosningar eru fram undan og ákaflega litlar líkur á því að Sjálfstæðisflokkurinn verði aðili að næstu ríkisstjórn. Ráðherrann er því á leið úr ráðuneytinu og enginn veit hvaða augum eftirmaður hans mun líta hugmyndirnar.

jonhakon@frettabladid.is

## Pólitískur styrkur



Björt Ólafsdóttir
umhverfisráðherra

Björt framtíð varð til árið 2012 þegar fjölbreyttur hópur fólks með sömu hugsjónir tók höndum saman um að setja mark sitt á að breyta stjórnmálum á Íslandi. Við vildum gera umbætur á íhaldssömu og stöðnuðu stjórnmálakerfinu, auka samráð og vinna að málum á faglegri og gagnsærri máta. Við vildum axla ábyrgð, ekki bara gagnrýna, heldur taka þátt og framkvæma.

Það þurfti því ekki koma neinum á óvart að Björt framtíð skyldi sýna ábyrgð eftir að önnur stjórnarmyndun var tvívegis fullreynd og ákveða að taka þátt í ríkisstjórn með það að markmiði að vinna að breytingum innan frá.

Annað grunngildi okkar í Bjartri framtíð er traust. Það er undirstaða góðs samstarfs og hluti af því að vera lýðræðisafl að bera traust til annarra.

Þetta grunngildi og reyndar mörg önnur voru því miður þverbrotin í síðustu viku þegar upp komst að tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins höfðu tekið eiginhagsmuni Sjálfstæðisflokksins fram yfir almannahag. Siðferði og samskiptareglur manna á milli í trúnaðarstörfum fyrir heila þjóð snúast ekki um lögfræði eða þær reglur sem þar er að finna um trúnað. Traust er undirstaðan. Traust er tilfinning um að allt sé í lagi og óhætt sé að halda áfram. Það hvarf þegar við urðum þess áskynja að neitun ráðuneytis um að veita lögbundna upplýsingagjöf til bæði fjölmiðla og fjölskyldu brotaþola í máli um uppreist æru gat stafað af leyndarhyggju vegna álíka máls er kom illa við Sjálfstæðisflokkinn. Þá er ekki gott að halda áfram.

Þannig öxluðum við ábyrgð á ný átta mánuðum síðar og sögðum okkur frá ríkisstjórnarsamstarfinu. Það þarf staðfestu og hugrekki til að ganga frá góðum verkefnum sem við höfðum helst af öllu viljað halda áfram með. Gott siðferði þarf hins vegar að vera ofar öllu – þess vegna stendur Björt framtíð á styrkum stoðum. Okkar kjarni er styrkari en 100 ára gömul stjórnmálastofnun getur státað af.

**Það þarf staðfestu og hugrekki til að ganga frá góðum verkefnum sem við höfðum helst af öllu viljað halda áfram með.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Gott og vont íhald

## Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Það er stundum ekki fyrr en maður heyrir sjálfan sig þylja einhverja visku yfir sínum eigin börnum að maður áttar sig á því að kannski hlustaði maður betur á mömmu sína en maður var tilbúinn að viðurkenna í æsku. Þannig hafa frasar eins og „það spyr þig enginn hversu lengi þú varst að þessu, bara hvort þetta er vel gert“ og „gerðu þetta með glöðu geði, eða slepptu því“ öðru hverju hrokkið ósjálfrátt upp úr mér við mín eigin börn.

Reyndar hef ég síðar komist að því að það var ekki endilega rétt hjá mömmu að enginn spyrði hversu lengi það tekur mann að gera hlutina. Þvert á móti, það er mjög algengt að fólk velti því fyrir sér. Staðhæfingin er því röng en samt svo sönn. Í henni felst að maður eigi að hafa persónulegan metnað til þess að skila alltaf góðu verki, en láta ekki væntingar eða athugasemdir annarra slá sig út af laginu.

Og hvað það varðar að sleppa hlutunum ef maður ætlaði ekki að gera þá með glöðu geði—þá var það alltaf meira í nösunum á mömmu. Sá valkostur að sleppa því sem um var beðið kom í raun aldrei til greina, þannig að eftir stóð sá kostur að toga skeifuna af andlitinu og hefjast handa. Og það var líka hárrétt lexía. Jafnvel fábreytilegustu verkefni hætta að vera leiðinleg þegar maður leyfir sér ekki að væla undan þeim.

Önnur verðmæt lexía, sem einhvern veginn síaðist inn, felst í þeirri yfirlýstu uppeldisstefnu mömmu að vilja frekar ala upp furðuleg börn heldur en heilaþvegin. Í því felst virðing fyrir einstaklingnum og einlægur skilningur á því að fólk eigi heimtingu á því að fá að mæta sinni hamingju og harmi á eigin forsendum.

**Gott íhald**

Hugsanlega hefur enginn tími í veraldarsögunni borið með sér eins miklar og hraðar breytingar á daglegum lifnaðarháttum manna eins og sá sem liðinn er frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Þó er það þannig þegar maður skoðar dagblöð og tímarit frá þeim tímum þegar kynslóð foreldra minna fæddist, að þá kemur eiginlega mest á óvart hversu margt er óbreytt. Í kringum 22. september 1947 voru Rússar og Bandaríkjamenn að rífast og kalla hvorir aðra stríðsæsingamenn á þingi Sameinuðu þjóðanna, kjaramálin voru í brennidepli og íhaldsmenn og kommúnistar sendu hvorir öðrum eiturpillur í gegnum leiðarasíður blaðanna. Flestar fréttir frá þeim tíma gætu staðið í blöðunum í dag án þess að þær þættu ótrúlegar. Aðra sögu er að segja um auglýsingarnar, sem væru augljóslega úr sér gengnar. Semsagt—allt sem snýr að mannlegri hegðun er að mestu leyti óbreytt, þótt umhverfi daglegs lífs hafi gjörbreyst.

Þannig geta mörg af heilræðum fyrri kynslóða gengið óbreytt niður til afkomenda og verið öllum til gagns. Það er góð íhaldssemi að halda á lofti verðmætum gildum sem þjónað hafa öllum vel sem tileinkað sér hafa. Þetta á til dæmis við um vandvirkni, vinnugleði og umburðarlyndi.

**Vont íhald**

Auðvitað erfist líka alls konar vitleysa og ranghugmyndir í gegnum kynslóðirnar. Og þess vegna er íhaldssemi ekki fortakslaust dyggð. Hún er bara dyggð þegar hún stuðlar að betra lífi fyrir einstaklinga og samfélög. Í íhaldsseminni getur líka falist varðstaða um ranglæti, græðgi, valdníðslu og ofbeldi—eða heiftúðlegir fordómar og tortryggni.

Það mun til dæmis hafa gerst í æsku móður minnar að „merkilegur“ maður í bænum hlaut dóm fyrir einhvers konar fjármálamisferli og um það var fjallað í blöðunum. Þá var séð til þess að þeim blöðum væri ekki dreift í heimahögum merkismannsins svo að ekki félli kusk á flibba hans, nema þá í fjarska.

Slík íhaldssemi hefur verið á hröðu undanhaldi undanfarna áratugi—meira að segja hjá langflestum sem myndu pólitískt flokkast sem „íhaldsmenn“. Þessar mikilvægu viðhorfsbreytingar hafa átt sér stað í fullkominni sátt milli allra stjórnmálaflokka, hvar svo sem þeir staðsetja sig á hægri-vinstri ásnum og allar vísa þær í átt til betra og réttlátara samfélags þótt sumir vilji hreyfa sig hraðar en aðrir.

**Innistæðulaus heift**

Þótt yngri kynslóðir hafi lært mikið af þeim eldri í gegnum söguna þá höfum við þó borið gæfu til þess að uppgötva og læra sitthvað nýtt líka. Ísland er opnara, umburðarlyndara og réttlátara samfélag nú en það var fyrir sjötíu árum. Það er þess vegna lítil innistæða fyrir því að viðhalda þeirri illúðlegu heift sem alin hefur verið upp í pólitíkinni milli ólíkra stjórnmálaflokka, og kannski ekki síður innan þeirra.

Kosningabaráttan sem nú hefur verið boðuð er líkleg til þess að verða miklu ljótari en raunveruleg efni standa til og skila þeim eina árangri að dýpka tortryggnina á milli þess ágæta fólks sem að öllu jöfnu ætti að geta starfað saman af sæmilegum heiðarleika. Þannig að maður gengur kannski ekki beinlínis með glöðu geði að kjörborðinu að þessu sinni.


Baráttumál og kröfur

Hagsmunasamtök heimilanna

- Að verðtrygging verði bönnuð á lánum heimilanna
- Að lög- og stjórnarskrárvarin réttindi lánþega séu virt
- Að laun á Íslandi geri almenningi kleift að lifa hófsömu og mannsæmandi lífi

Afnám verðtryggingar

Við krefjumst þess að verðtrygging verði bönnuð á lánum heimilanna.
Það er ekkert sem réttlætir að Íslendingar búi við lánakjör sem þekkjast ekki í þeim löndum sem við berum okkur saman við.
Það er ekkert sem réttlætir verðtryggingu ofan á hæstu vexti á einhverjum öruggustu og bestu veðum sem finnast, heimilum fólks, steinsteypu sem stendur áratugum saman.

Allt tengist þetta:

Verði verðtrygging bönnuð á lánum heimilanna verður léttara að leigja og eiga heimili og fólk mun hafa mun meira á milli handanna þegar það þarf ekki lengur að borga húsnæðislánin sín margföld til baka.
Verðtrygging hvetur til verðbólgu.

Hagsmunasamtök Heimilanna

www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

*Samtökin eru óháð hagsmunasamtök sem hafa barist fyrir réttindum neytenda á fjármálamarkaði frá 2009.*

Almenningur er ekki fóður fyrir bankana!!

# RISA OPNUNARPARTÝ

## FÖSTUDAGUR 22/09

### Skautadagur

40%
**SKATEBOARDS**

25% Shopkins

20% Fisher-Price

## FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR




40%
50 stk




40%
50 stk




40%
50 stk




60%
30 stk




40%
30 stk




JULIA MYROLL JENSEN
28 ára
9 ára reynsla
af leikfangasölu
SÉRFRÆÐINGUR
Í LEGO

MIA LENANDER
27 ára
10 ára reynsla
af leikfangasölu
SÉRFRÆÐINGUR
Í PRE-SCHOOL

## HITTU GEOFFREY



Toys"R"Us

# TOYS"R"US OPNA Í KRINGLUNNI

## LAUGARDAGUR 23/09

### Youtubeday LazyTown heimsækir Toys"R"us

30% FOOTBALL GOALS

25% GEMMIES

25% Kinetic Sand

FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR

50% – 50 stk (Playmobil City Action)

40% – 50 stk (Legends Knights)

30% – 40 stk (Bunchems! Mega Pack)

40% – 50 stk

## SUNNUDAGUR 24/09

### 250 ókeypis bollakökur

60% Despicable Me 3 / Minions

20% Star Wars / Avengers

25% Pokémon

25%

FYRSTUR KEMUR, FYRSTUR FÆR

40% – 30 stk (Soy Luna)

40% – 50 stk (Play & learn)

40% – 50 stk (Bunchems! Glow 'n the Dark!)

50% – 50 stk (Playmobil City Action)

40% – 50 stk (LEGO Star Wars)

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtudagur: | 10:00-21:00 | Laugardagur: | 10:00-18:00 |
| Föstudagur: | 10:00-19:00 | Sunnudagur: | 13:00-18:00 |

**Kringlunni 4-12**
**103 Reykjavik**

Toys"R"us

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

# Tólf söguleg skref hjá Ólafíu

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir heldur áfram að komast þangað sem enginn íslenskur kylfingur hefur komist áður á sínu fyrsta tímabili á sterkustu mótaröð í heimi. Hún rýkur upp bæði heims- og peningalistann.**

**GOLF** Fyrir árið 2017 hafði enginn íslenskur kylfingur spilað á risamóti. Nú í lok september hefur Ólafía Þórunn Kristinsdóttir spilað á þremur risamótum á þremur mánuðum. Frá því að hún tryggði sér þátttökurétt í bandarísku mótaröðinni fyrst Íslendinga hefur Ólafía skrifað nýjan kafla í íslenska golfsögu nánast í hverjum mánuði. Hún er að koma Íslandi á blað meðal bestu kylfinga heims. Hér á síðunni förum við yfir þessi sögulegu skref hjá þessum 24 ára gamla kylfingi úr Golfklúbbi Reykjavíkur.

ooj@frettabladid.is

## Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er fyrst íslenskra kylfinga til að ...




**... vinna Íslandsmeistaratitil kvenna á lægra skori en karlarnir**

**JÚLÍ 2016**
Ólafía setti mótsmet með því að vinna Íslandsmótið 2016 á Jaðarsvelli á Akureyri með því að spila á ellefu höggum undir pari eða þremur höggum betur en Íslandsmeistari karla. Þetta var í fyrsta sinn sem kona á besta samanlagða skorið af öllum keppendum Íslandsmótsins.

**... tryggja sér keppnisrétt á LPGA**

**OKTÓBER 2016**
Ólafía tryggði sér keppnisrétt í lokaúrtökumótinu fyrir LPGA-atvinnumótaröðina og jafnframt keppnisrétt í Symetra-mótaröðinni sem er næststerkasta atvinnumótaröðin í Bandaríkjunum. Hún náði þessu með því að enda í 12. til 14. sæti á öðru stigi úrtökumótsins fyrir LPGA-atvinnumótaröðina

**... vera í forystu í sterkustu atvinnumótaröð Evrópu**

**NÓVEMBER 2016**
Ólafía var í efsta sæti eftir tvo fyrstu hringina á Fatima Bint Mubarak-mótinu í LET Evrópumótaröðinni í Abu Dhabi. Ólafía lék fyrstu 36 holurnar á 13 höggum undir pari vallar og var með þriggja högga forskot fyrir þriðja keppnisdaginn. Hún endaði mótið í 26.-30. sæti á -7 samtals.

**... tryggja sér keppnisrétt í LPGA-mótaröðinni í Bandaríkjunum**

**DESEMBER 2016**
Ólafía tryggði sér keppnisrétt á bandarísku LPGA-mótaröðinni þegar hún varð önnur á lokaúrtökumótinu en hún fór í gegnum öll þrjú stig úrtökumótsins. Ólafía lék samtals á tólf höggum undir pari á lokamótinu og var aðeins einu höggi á eftir Jaye Marie Green.

**... ná inn á topp 30 í LPGA-móti**

**FEBRÚAR 2017**
Ólafía endaði í 30. sæti í sínu öðru LPGA-móti sem var ISPS Handa mótið í Ástralíu en hún lék hringina fjóra á pari vallarins. Hún fékk yfir 9 þúsund dollara í verðlaunafé sem var persónulegt met hjá henni í fimm mánuði.

**... klára LPGA-mót á 10 höggum undir pari**

**JÚLÍ 2017**
Ólafía lék hringina fjóra í Thornberry Creek-mótinu í Wisconsin á 278 höggum eða tíu höggum undir pari. Hún lék fyrstu þrjá hringina alla undir pari en kláraði lokahringinn á pari. Þetta skilaði 36. sæti sem var þá hennar næstbesti árangur á ferlinum í LPGA-mótaröðinni.

**... komast í gegnum niðurskurðinn í LPGA-móti í golfi**

**JANÚAR 2017**
Ólafía komst í gegnum niðurskurðinn í sínu fyrsta LPGA-móti og náði 69.-72. sæti í Pure Silk mótinu á Bahamas á fimm höggum undir pari. Hún lék fyrstu tvo dagana á 7 höggum undir pari og var í 20.-25. sæti þegar hún kláraði annan hring.

**... taka þátt í risamóti kvenna í golfi**

**JÚNÍ 2017**
Ólafía varð fyrsti íslenski kylfingurinn sem leikur í einu af risamótunum í atvinnumótaröð þegar hún komst inn í KPMG PGA-mótið í Illinois. Ólafía komst ekki í gegnum niðurskurðinn. Hún lék samtals á +5 (74-73) en hún hefði þurft að leika tveimur höggum betur til þess að komast í gegn.

**... taka þátt í opna breska risamótinu**

**ÁGÚST 2017**
Ólafía tryggði sér fyrst íslenskra kylfinga þátttökurétt í opna breska risamótinu í golfi þegar hún náði 13. sæti í opna skoska meistaramótinu. Ólafía náði jafnframt sínum besta árangri í bandarísku LPGA-mótaröðinni og fékk 2,6 milljónir í verðlaunafé og hoppaði upp um átján sæti á peningalistanum, upp í sæti 104.

**... ná inn á topp 4 í LPGA-móti**

**SEPTEMBER 2017**
Ólafía lék á þrettán höggum undir pari í Indy Women-mótinu í Indianapolis. Ólafía fékk örn á lokaholu lokadagsins sem kom henni upp í fjórða sæti á mótinu. Ólafía fékk yfir hundrað þúsund dollara í verðlaunafé eða meira en ellefu milljónir íslenskra króna.

**... spila á lokadegi í risamóti í golfi**

**SEPTEMBER 2017**
Ólafía náði besti árangri sem Íslendingur hefur náð í risamóti þegar hún komst í gegnum niðurskurðinn á Evian-risamótinu í Frakklandi en hún endaði í 48. sæti á þremur yfir pari.

**... komast í hóp 200 bestu kylfinga á heimslistanum í golfi**

**SEPTEMBER 2017**
Ólafía hefur verið að hækka sig á heimslistanum í golfi allt þetta ár og fór síðast upp um fimmtán sæti og upp í sæti númer 182. Á einu ári hefur Ólafía farið úr sæti númer 704 á heimslistanum eða upp um 522 sæti.

**24**

**Ólafía Þórunn er aðeins 24 ára gömul og á því öll sín bestu ár eftir í golfinu.**






## Pepsi-deild karla

**Fjölnir - FH 2-1**
1-0 Igor Jugovic (52.), 1-1 Matija Dvornekovic (74.), 2-1 Igor Jugovic (89.).

Þessi úrslit þýða að ÍA er fallið í Inkasso-deildina og FH náði ekki að tryggja sæti sitt í Evrópukeppninni á næsta ári.

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 20 | 13 | 5 | 2 | 37 - 16 | 44 |
| Stjarnan | 20 | 9 | 8 | 3 | 44 - 23 | 35 |
| FH | 20 | 9 | 7 | 4 | 32 - 23 | 34 |
| KR | 20 | 8 | 6 | 6 | 29 - 26 | 30 |
| Grindavík | 20 | 8 | 4 | 8 | 28 - 36 | 28 |
| KA | 20 | 6 | 8 | 6 | 35 - 27 | 26 |
| Víkingur R. | 20 | 7 | 5 | 8 | 29 - 32 | 26 |
| Breiðablik | 20 | 7 | 3 | 10 | 30 - 33 | 24 |
| Fjölnir | 20 | 6 | 6 | 8 | 29 - 36 | 24 |
| ÍBV | 20 | 6 | 4 | 10 | 27 - 35 | 22 |
| Víkingur Ó. | 20 | 6 | 2 | 12 | 23 - 43 | 20 |
| ÍA | 20 | 3 | 6 | 11 | 28 - 41 | 15 |




**Aron er að gera það afar gott.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### ARON Í ÚRVALSLIÐINU

Aron Einar Gunnarsson hefur spilað stórvel fyrir Cardiff City síðan Neil Warnock tók við þjálfun liðsins fyrir tæpu ári.
Aron Einar var valinn leikmaður ársins hjá Cardiff á síðasta tímabili og hefur haldið uppteknum hætti í upphafi þessa tímabils.
Aron Einar hefur leikið alla átta leiki Cardiff sem situr í 3. sæti ensku B-deildarinnar með 17 stig, jafn mörg og Leeds United og Wolves sem eru í sætunum fyrir ofan.
Aron Einar er með 7,43 í meðaleinkunn hjá tölfræðisíðunni WhoScored.com fyrir frammistöðu sína í upphafi tímabils. Og landsliðsfyrirliðinn er í úrvalsliði fyrstu átta umferðanna hjá WhoScored.
Aron Einar vinnur 2,8 tæklingar, nær boltanum 3,4 sinnum, er með þrjár hreinsanir og vinnur 1,8 skallaeinvígi að meðaltali í leik. Þá hefur Akureyringurinn lagt upp eitt mark á tímabilinu.

### EGILL Í STJÖRNUNA Á NÝ

Samkvæmt heimildum Vísis er Egill Magnússon á leið heim í Stjörnuna. Honum er ætlað að fylla skarðið sem Ólafur Gústafsson skildi eftir sig.
Egill, sem er 21 árs, sló í gegn með Stjörnunni tímabilið 2014-15 þar sem hann skoraði m.a. 17 mörk í leik gegn Val. Eftir tímabilið fór Egill til danska úrvalsdeildarliðsins Team Tvis Holstebro.
Meiðsli gerðu Agli erfitt fyrir og hann lék lítið með Holstebro. Vonir standa til að Egill verði kominn með leikheimild í tæka tíð fyrir leikinn gegn Aftureldingu á sunnudaginn.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | Tour Championship | Golfst. |
| 18.25 | Bayern - Wolfsburg | Sport |
| 20.30 | Teigurinn | Sport |

**Pepsi deild kvenna:**
16.00 ÍBV - Fylkir

markhönnun ehf

nettó

# HEILSUBÆKLINGUR NETTÓ
## ER KOMINN ÚT!




## 120 síður af fróðleik og frábærum tilboðum

**Tilboðin gilda 21. september - 4. október 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

## Merkisatburðir

**1206** Guðmundur Arason biskup bannfærir Kolbein Tumason.

**1565** Magnús Jónsson prúði gengur að eiga Ragnheiði Eggertsdóttur og flytur að Ögri við Ísafjarðardjúp.

**1609** Allir kristnir Márar eru reknir frá Spáni til Marokkó. Allt að þriðjungur íbúa suðurhéraða Spánar hvarf á brott.

**1704** Sæmundur Þórarinsson, bóndi í Árbæ, finnst myrtur í Elliðaám. Eiginkona hans og mótbýlismaður þeirra voru dæmd til lífláts fyrir morðið.

**1930** Ferðafélag Íslands tekur fyrsta sæluhús sitt í notkun. Húsið er í Hvítárnesi upp undir Langjökli.



**1957** **Árbæjarsafn** er opinberlega opnað almenningi með viðhöfn.

**1973** Menntaskólinn í Kópavogi er settur í fyrsta skipti.

**1975** Sara Jane Moore reynir að myrða Gerald Ford Bandaríkjaforseta í San Francisco.

**1980** Írak ræðst á Íran og byrjar þar með átta ára stríð.

**1985** Plaza-samningurinn um lækkun Bandaríkjadals er undirritaður af fulltrúum fimm ríkja.

**1992** Fyrstu Ólympíuleikum andlega fatlaðra lýkur í Madrid. Íslendingar voru sigursælir í sundi og fékk íslenskt sundfólk alls 21 verðlaun á leikunum, þar af 10 gull. Sigrún Huld Hrafnsdóttir fékk fleiri verðlaun á leikunum en nokkur annar keppandi.

**2008** Al Thani-málið: Félag í eigu Mohammads Bin Khalifa Al-Thani er sagt hafa keypt 5,01% hlut í Kaupþingi.



Daníel Geir Moritz verður í Tjarnabíói ásamt góðum gestum eins og Hreimi, Einari Ágústi, Karitas Hörpu, Dóra Gylfa og mörgum fleiri. Þetta verður í fyrsta sinn í þrjú ár sem hann stígur á svið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Barn, trúlofun og tónleikar

**Daníel Geir Mortiz lætur gamlan draum rætast og ætlar að halda jólatónleika í tilefni þess að það eru tíu ár síðan hann vann jólalagakeppni. Hann verður nýorðinn faðir þegar tónleikarnir fara fram og setti upp trúlofunarhring á afmælisdaginn.**

Jólastress 2017 verður sprenghlægileg blanda af jólatónleikum og gamanmálum en þeir verða 9. desember. Tilurð þessarar jólaskemmtunar er að áratugur er síðan Daníel Geir Moritz og Jólabandið unnu Jólalagakeppni með laginu Gjöfin mín ert þú. Hópurinn lék það svo eftir tveimur árum síðar með laginu Jólastress. Til að gera kvöldið sem veglegast hefur Daníel smalað saman góðum gestum og verða flutt mörg af vinsælustu jólalögum landans.

Daníel stendur á miklum tímamótum en hann og unnusta hans, Sigurleif Kristmannsdóttir, settu nýlega upp hringana og eiga von á sínu fyrsta barni. Hann er kennari og því er nafnið engin tilviljun. Jólastressið 2017. „Hún á von á sér 7. október, rétt handan við hornið. Þetta verður ansi viðburðaríkt haust, trúlega það viðburðaríkasta í lífi mínu án vafa,“ segir Daníel.

Hann segir að þetta tónleikahald sé gamall draumur sem nú sé að rætast. „Hann er eiginlega tíu ára gamall. Mér fannst það miður að við héldum ekki tónleika á sínum tíma því þessi lög, sem við sömdum, voru að fá ágæta spilun og myndbönd í sýningu en það vantaði alltaf að halda tónleika,“ segir hann.

Hann bendir á að þrátt fyrir afslappað andrúmsloft þar sem meira verður lagt upp úr hlátri og gleði þá verði enginn afsláttur gefinn af tónlistaratriðunum. „Þetta eru metnaðarfullir tónleikar þó meira sé lagt upp úr fjöri en hátíðleika. Ég blanda saman alls konar pælingum, jólagestum Björgvins, uppistandi og vitleysu. Gestir koma líka í sófaspjall í anda Hemma Gunn. Það snjóar ekki úr loftinu og engin krúttlegur barnakór mætir en hláturtaugarnar verða kitlaðar.“

Þetta verður í fyrsta skipti í þrjú ár, nánast upp á dag þar sem Daníel stendur uppi á sviði og sprellar fyrir fólk en eftir að hann einbeitti sér að kennslunni fóru míkrófónninn og grínið upp í hillu.

Hann segist vera mikið jólabarn. Svo mikið að hann hlusti á jólalög jafnvel allt árið um kring. „Þegar maður er ekki í hljómsveit þá þarf maður að finna tilgang til að semja. Ég samdi fyrir hátíðarnar Franska daga og Neistaflug og það hentar vel fyrir glamrara að semja jólalög. Ég er mikið jólabarn og hef aldrei vaxið upp úr því. Ég hlusta mikið á jólalög allt árið. Þetta er einhver tónlist sem ég hef og hef alltaf haft.“ benediktboas@365.is

---



✝

Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ingvar Hallgrímsson**
fiskifræðingur,

er látinn.

**Helga Guðmundsdóttir**
**Brynhildur Ingvarsdóttir**
**Ósk Ingvarsdóttir**
**Elísabet V. Ingvarsdóttir**
**tengdasynir, barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, systur, ömmu og langömmu,

**Helgu Sigfúsdóttur**
Furulundi 31, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri og Heimahlynningar á Akureyri.

**Rúnar Heiðar Sigmundsson**
**Gunnar Örn Rúnarsson** — **Bryndís Valgarðsdóttir**
**Sigrún Rúnarsdóttir** — **Magnús Magnússon**
**Sigmundur Ernir Rúnarsson** — **Elín Sveinsdóttir**
**Guðrún Sigfríð Rúnarsdóttir** — **Sigfús Karlsson**
**Jón Gísli Sigfússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Jón Lárus Hjartarson**
til heimilis á hjúkrunarheimilinu Mörk, Suðurlandsbraut 66, áður Ásvallagötu 57,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þriðjudaginn 12. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Mörk, Suðurlandsbraut 66. Sérstakar þakkir fyrir alúðlega umönnun til starfsfólks á fjórðu hæð á hjúkrunarheimilinu Mörk.

**Hjörtur Leonard Jónsson** — **Sunna Sveins**
**Sveinn Lárus Hjartarson**
**Ólafur Arnar Hjartarson**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Þórs Jónssonar**
Háaleitisbraut 34.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir umönnun og kærleika. Guð veri með ykkur öllum.

**Helga Karólína Magnúsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** — **Björn K. Magnússon**
**Berglind Jónsdóttir** — **Kristinn Guðnason**
**Þórey Jónsdóttir** — **Ásgeir Ragnarsson**
**Jón Þór Jónsson** — **Hanne Signe Skoge**
**afa- og langafabörn.**

---



Elskuleg frænka okkar,

**Guðný Gísladóttir**
frá Vesturkoti, Hvaleyri við Hafnarfjörð,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 12. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 25. september kl. 13.

**Bræðrabörn**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýju við andlát og útför

**Högna Skaftasonar**
skipstjóra, Hlíðargötu 18, Fáskrúðsfirði.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar, Ingeborg Eide Hansdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 22. SEPTEMBER 2017

# Stærsta hlutverkið að verða faðir

Dagskráin er þétt hjá Þorvaldi Davíð Kristjánssyni leikara. Hann leikur í 1984 í Borgarleikhúsinu, tekur þátt í handritaþróun, opnaði nýlega vefsíðu og eignaðist aðra dóttur fyrir tveimur mánuðum. ➜2



„Mér fannst ég fyrst byrja að skilja lífið eftir að ég varð pabbi. Það er mannbætandi að eignast börn og maður fer að sjá lífið í öðru ljósi, skilja það betur og á dýpri hátt en áður.“ MYND/HANNA



**Sóley Stefánsdóttir stundar jóga og hugleiðslu milli þess sem hún þeysist um á racer. Hún segir hugarró jógafræðanna fara vel með útrásinni sem hún fær á hjólinu.** ➜4

FYRIR ÞARMAFLÓRUNA!




Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins.

Probi Mage LP299V® (Lactobacillus plantarum 299v) er söluhæsti mjólkursýrugerillinn í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi! 1 hylki á dag.

Finndu muninn með Probi Mage LP299V®.

Fæst í velflestum apótekum og heilsuverslunum um land allt.

abel heilsuvörur



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Þetta ár hefur verið annasamt en um leið gjöfult og ég hef verið svo heppinn að fá að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum,“ segir Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari en aðeins vika er síðan leikritið 1984, þar sem hann fer með aðalhlutverkið, var frumsýnt í Borgarleikhúsinu. Þorvaldur hefur fengið góða dóma fyrir túlkun sína og segir það sérstaka upplifun að koma að verkefni sem eigi jafnmikið erindi við samtímann og 1984. „Ég svaf varla nóttina fyrir frumsýningu, það var svo mikið í gangi. Ríkisstjórnin sprakk þá nótt og leikstjórinn, Bergur Þór Ingólfsson, átti sinn þátt í að velta við steinum sem urðu til þess að stjórnin féll. Þetta stóð okkur í leikhópnum nærri.“

Listrænir stjórnendur og leikendur í 1984 sökktu sér niður í rannsóknir á verkinu og segir Þorvaldur það hafa verið krefjandi en á sama tíma mjög gefandi. „Hlutverk okkar sem störfum í leikhúsinu er að spyrja spurninga, rannsaka tiltekin verk og setja fram kenningar. Í gegnum vinnuferlið voru lagðar fram kenningar sem við reyndum síðan í sameiningu að sannreyna. Stundum spyrjum við réttu spurninganna og stundum ekki. Ég er afskaplega þakklátur fyrir þessa rannsókn okkar á 1984. Niðurstaða hennar er í raun aukaatriði í stóra samhenginu því það sem skiptir mestu máli er að hún fari fram og þá sérstaklega á viðfangsefnum sem snerta samfélagið á beinan hátt.“

Þorvaldur undirbjó sig vel undir hlutverkið, las fleiri verk eftir George Orwell og reyndi að setja sig inn í hugarheim skáldsins og finna út hvað hann vildi segja með skrifum sínum. „Ég fer yfirleitt í mikla rannsóknarvinnu þegar ég tek að mér hlutverk. Ég fæ verkið algjörlega á heilann og hugsa vart um annað. Ég geng alla leið, enda er það mín skylda,“ segir hann.

## Magnað verkefni

Í fyrrasumar lék Þorvaldur eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndinni Svanurinn sem var frumsýnd á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Toronto á dögunum. Myndin er gerð eftir sögu Guðbergs Bergssonar og var tekin upp í Svarfaðardal. „Mér þótti leitt að geta ekki verið viðstaddur frumsýninguna en ég komst ekki vegna sýninga á 1984. Svanurinn verður frumsýnd hérlendis öðru hvoru megin við áramótin. Þetta er eitt mest gefandi hlutverk sem ég hef leikið og mér þykir sérlega vænt um það. Allt vinnuferlið við myndina, fólkið sem ég vann með og umhverfið sjálft varð til þess að þetta er eitt af mínum eftirlætisverkefnum,“ segir hann en aðeins er um hálft ár síðan önnur mynd með honum í stóru hlutverki var frumsýnd, Ég man þig, og hún er enn í sýningu í nokkrum kvikmyndahúsum í Reykjavík.

## Breyttist við að eignast börn

Hápunktur ársins er þó án efa fæðing dóttur Þorvaldar. Sú stutta kom í heiminn fyrir tveimur mánuðum en fyrir á hann fjögurra ára stúlku sem er hæstánægð með að vera orðin stóra systir.

Spurður hvort það hafi breytt honum sem manneskja að verða pabbi segir Þorvaldur að svo sé. „Mér fannst ég fyrst byrja að skilja lífið eftir að ég varð pabbi. Það er mannbætandi að eignast börn og maður fer að sjá lífið í öðru ljósi, skilja það betur og á dýpri hátt en áður. Stærsta hlutverkið í lífinu er án efa foreldrahlutverkið. Ég hef leikið föður á sviði en það fær einhverja aðra merkingu þegar maður hefur upplifað það sjálfur, þessa skilyrðislausu ást,“ segir hann íhugull og neitar því ekki að hann gæti hugsað sér að eiga fleiri börn í framtíðinni. „Já, ég myndi alveg vilja eiga risastóra fjölskyldu,“ segir hann og brosir.

> Við feðginin erum að læra saman á fiðlu og mætum í tíma einu sinni í viku. Við reynum að æfa okkur saman á hverjum degi.

Þorvaldur tekur mikinn þátt í tómstundum eldri dótturinnar sem er byrjuð í tónlistarnámi og fimleikum. „Dóttir mín eða réttara sagt við feðginin erum að læra saman á fiðlu hjá Tónlistarskólanum Allegro og mætum í tíma einu sinni í viku. Við reynum að æfa okkur saman á hverjum degi og ég læri alveg jafnmikið á fiðluna og hún. Fiðlukennarinn gefur mér engan afslátt,“ segir hann og hlær en Þorvaldur er þó enginn nýgræðingur í tónlistinni. Hann söng með hljómsveitinni Skafrenningunum, sem gaf út plötu um síðustu jól. „Þar var ég í hlutverki djasssöngvara. Ég myndi þó ekki skilgreina mig sem söngvara heldur er söngurinn fyrir mér meira eins og skemmtilegt hobbí. Söngurinn vinnur líka með mér í leiklistinni á þann hátt að hann hefur þroskandi áhrif á hlustun, tæmingar og samspil,“ segir Þorvaldur sem hefur sungið inn á sjö plötur í gegnum tíðina.



„Ég svaf varla nóttina fyrir frumsýningu, það var svo mikið í gangi. Ríkisstjórnin sprakk þá nótt og leikstjórinn, Bergur Þór Ingólfsson, átti sinn þátt í að velta við steinum sem urðu til þess að stjórnin féll.“ MYND/HANNA

## Alinn upp í leikhúsi

Þótt Þorvaldur sé ekki nema 34 ára að aldri hefur hann fengist við leiklist í meira en tvo áratugi. Hann var aðeins ellefu ára þegar hann lék sitt fyrsta hlutverk á sviði og hann segist meira og minna vera alinn upp í leikhúsi. Það lá þó ekki beint við að fara í leiklist að loknu stúdentsprófi heldur settist hann fyrst á skólabekk að læra lögfræði. „Ég fann fljótlega að það átti ekki vel við mig og ég hóf nám í Leiklistarskólanum. Eftir eitt ár ákvað ég að söðla um og fara í fjögurra ára leiklistarnám til Bandaríkjanna. Ég fékk hlutverk í kvikmyndinni Svartur á leik á síðasta ári mínu í náminu og stuttu síðar hlutverk í stórri Hollywood-mynd en það var um svipað leyti og eldri dóttir mín fæddist. Ég er afskaplega þakklátur fyrir að hafa fengið að vinna við leiklistina eftir að ég útskrifaðist. Því það er alls ekki sjálfgefið. Margir leikarar þurfa að finna sér einhverja aðra vinnu. Það eru í raun algjör forréttindi að fá að leika,“ upplýsir hann.

## Leiklistin stórkostleg og hræðileg

Þegar Þorvaldur byrjaði að leika á sínum tíma var það meira til gamans gert en varð svo að einhvers konar þráhyggju, enda auðvelt að fá leiklistarbakteríuna að hans sögn. „Þrátt fyrir að það séu forréttindi að fá að leika þá er leiklistin mjög krefjandi fag. Hún gerir mann algjörlega berskjaldaðan en verður um leið að hálfgerðri fíkn. Tilfinningin sem grípur mann eftir sýningu er þannig að maður sækist í hana aftur og aftur en hún lætur mann finna hvað maður er lifandi. Starf leikarans er bæði stórkostlegt og hræðilegt á sama tíma. Það er ákveðinn ljómi yfir því og í raun forréttindi að fá að segja sögur, setja sig í spor annarra og miðla til fólks, en vinnutíminn er óreglulegur og unnið um kvöld og helgar. Svo er maður alltaf með hugann við vinnuna ef maður hefur metnað fyrir að gera vel og ég fæ hana stundum alveg á heilann,“ útskýrir hann.



Þorvaldur var aðeins 11 ára þegar hann steig fyrst á svið. Hér er hann í hlutverki í Bugsy Malone.

En hvað myndir þú vilja gera ef þú værir ekki leikari? „Ég hef oft velt því fyrir mér. Ég held ég gæti ekki sagt skilið við listina. En ég gæti hugsað mér að vinna innan hennar á öðru sviði. Það felst ákveðið frelsi í að vinna við listir og ég efast um að ég gæti unnið hefðbundna vinnu frá níu til fimm. Ég hef líka gaman af því sem er áþreifanlegt og rek lítið fyrirtæki með vinum mínum. Við vorum að opna upplýsingasíðu sem heitir www.leikhusin.is. Þar er að finna upplýsingar um allt sem er að gerast í leiklistarlífinu á landinu, bæði hjá atvinnuleikhúsunum, útvarpsleikhúsinu, áhugaleikhúsum um land allt, námskeið í leiklist og fróðleik um leiklist. Okkur fannst vanta einn stað þar sem hægt er að sjá hvað er að gerast í leikhúsum yfirhöfuð og þar sem við höfum allir áhuga á leikhúsi lá beint við að opna þennan vef.“

## Meira frelsi en áður

Þegar þú lítur til baka, hver er mesta breytingin á starfi leikarans frá því að þú steigst fyrst á svið? „Áður fyrr voru leikarar æviráðnir við stóru leikhúsin og þeir sem ekki fengu æviráðningu áttu ekki von á miklum frama í leiklist. Ein mesta breytingin er sú að leikarar eru orðnir sjálfstæðari og geta t.d. valið um að vinna bara í kvikmyndum, sem er alveg nýtt. Tekjumöguleikarnir eru á fleiri og ólíkari sviðum en áður og það gefur leikurum meira frelsi,“ segir Þorvaldur. Sjálfur ætlar hann að taka því rólega eftir að sýningum á 1984 lýkur. „Ég ætla sinna fjölskyldunni og fara í frí í smá tíma en svo taka við nokkur skemmtileg verkefni. Við vorum jú að opna leikhusin.is og því þarf að sinna. Að auki hef ég verið að þróa handrit að kvikmynd ásamt Önnu Gunndísi Guðmundsdóttur leikstjóra. Við fengum fjárfestinn Andra Gunnarsson með okkur í það verkefni og með hans hjálp höfum við fengið smá svigrúm til að þróa þetta. Að auki hef ég verið að vinna að smá handbók um fyrstu skrefin í leiktúlkun og stefni ég að því að leggja lokahönd á hana um áramótin,“ segir Þorvaldur Davíð að lokum.

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


VIÐ SKILUM
STERKRI KRÓNU
OG AFNÁMI
TOLLA TIL ÞÍN
HAGLABYSSUR OG RIFFLAR
Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI
Remington
FRÁ 1816
Benelli
BERETTA
Stoeger
Howa
RIO
SINCE 1896
FUD
TÁLFUGLAR
SportEAR
LEUPOLD
Verið velkomin
TRAUST
FJÖLSKYLDU-
FYRIRTÆKI
FRÁ 1998
OPIÐ:
VIRKA DAGA
9:00 TIL 18:00
LAUGARDAGA
11:00 TIL 15:00
Veiðimaðurinn
1940
KRÓKHÁLSI 4 • SÍMI 517 8050
Veidimadurinn.is
VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLA 8 • SÍMI 568 8410
Veidihornid.is
OPIÐ ALLA
DAGA:
VIRKA DAGA
9:00 TIL 18:00
LAUGARDAGA
OG SUNNUDAGA
10:00 TIL 16:00

# Stundar hugleiðslu og jóga en fær útrás á racernum

Sóley Stefánsdóttir stundar jóga og hugleiðslu milli þess sem hún þeysist um á racer. Hún segir hugarró jógafræðanna fara vel með útrásinni sem hún fær á hjólinu.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Það er eitthvað æðislegt við að þjóta áfram á racer. Ég hef lengi notað hjól til að fara á milli staða frekar en bílinn en síðasta vor fór ég að hjóla sem sport og skellti mér á racer-hjól hjá Emil í Kríunni. Nú á racerinn hug minn allan og ég hef losað mig við gamla fjallahjólið. Ég gæti vel hugsað mér að eiga fimm hjól en nægjusemi er dyggð," segir Sóley Stefánsdóttir, grafískur hönnuður og jógakennari.

Milli þess sem hún geysist um hjólastígana stundar hún hugleiðslu og jóga. Hraðinn og útrásin sem einkenna hjólreiðarnar fari merkilega vel með hugarrónni sem fylgi jóganu.

„Jógað veitir styrk, lipurð, fókus og hugarró og hjólið veitir úthald og útrás – eiginleikar hvors fyrir sig nýtast í hinu," segir Sóley.

„Það er langt síðan ég byrjaði að stunda jóga af og til en ég féll virkilega fyrir því árið 2011 þegar ég fór í Kundalini-jóga hjá Guðrúnu Darshan í Andartaki. Jóga þýðir „eining" og snýst um að tengja huga, líkama og sál og sú nálgun heillar mig og nærir. Þetta er ekki bara líkamsrækt heldur lífsrækt," segir hún og lýsir morgunrútínunni á heimilinu.

„Ég vakna sirka korter fyrir sex, geri jógateygjurútínu í rúminu áður en ég fer fram úr, bursta og hreinsa tunguna – drekk ½-1 lítra af volgu vatni, hreinsa nefið með volgu vatni og geri svo jóga til rúmlega hálf-

**„Jógað veitir styrk, lipurð, fókus og hugarró og hjólið veitir úthald og útrás – eiginleikar hvors fyrir sig nýtast í hinu.**

átta. Fer þá í kalda sturtu og svo í morgunmat. Ég er svo heppin að maðurinn minn er líka jógafrík svo við gerum þetta saman og ýtum á hvort annað. Við fórum til Indlands í mars á dásamlegan stað þar sem Ayurveda-meðferð og jóga er stundað. Þar byrjaði morgunninn kl. 5.30 með Pooja helgiathöfn og svo jógatíma kl. 6. Þegar við komum heim ákváðum við að halda þessari rútínu og það hefur tekist nokkuð vel hingað til. Stóra áskorunin er að fara að sofa á kvöldin þar sem við erum bæði B-týpur," segir Sóley.

„Ég kláraði kennaranámið hjá Guðrúnu Darshan í Andartaki árið 2014 og hef kennt þar af og til. Í vetur mun ég sjá um hádegistímana á þriðjudögum og fimmtudögum í Kramhúsinu, sem er einn af mínum uppáhaldsstöðum. Þar er svo litríkt og fallegt og mjög góður andi. Það er kjörið að nota hádegið í endurnæringu," segir Sóley. Sjálf sitji hún fyrir framan tölvu stóran hluta dags og finni stundum fyrir því.

„Leiðin til að halda bakverkjum í skefjum og forminu góðu er hreyfing. Það passar mér vel að blanda saman hjólreiðum, sundi og hlaupum og svo fer ég af og til í fjallgöngur," segir hún. Þá passi hún



Sóley Stefánsdóttir jógakennari fær útrás á racer-hjóli. MYND/STEFÁN

einnig vel upp á mataræðið og vandi morgunmatinn sérstaklega.

„Ég er svo „heppin" að að glíma við alls konar óþolsviðbrögð svo það er langt síðan ég þurfti að hreinsa mataræðið og taka út sykur, ger, hveiti og unnar matvörur að mestu. Uppáhaldsgrauturinn minn núna er soðinn úr jafnri blöndu af hirsi-, kínóa-, bókhveiti- og haframjöli, tveimur döðlum, smá bút af 100% súkkulaði og smá Himalajasalti. Oft set ég eplabita út í líka. Best þegar til er heimalöguð möndlumjólk út á. Ég er upptekin af hollustu og geri mitt besta til að borða gott fæði. Ég er líka upptekin af því að matarframleiðsla fari vel með jörðina," segir Sóley.

Freistingin? „Gott rauðvínsglas."



„Ég gæti vel hugsað mér að eiga fimm hjól en nægjusemi er dyggð."



# Þjónusta við aldraða

FÖSTUDAGUR 22. SEPTEMBER 2017



NORDICPHOTOS/GETTY

# Flókin samskipti við aldraða foreldra

**Hafdís Þorsteinsdóttir fjölskyldufræðingur hefur víðtæka þekkingu á tengslamyndun í fjölskyldum. Hún verður með fyrirlestur í október sem fjallar um samskipti afkomenda við aldraða foreldra.**

Hafdís verður með áhugaverðan fyrirlestur hjá Lausninni um hvernig góð samskipti geta verið hjá fjölskyldum þegar foreldrarnir eldast. Hún fjallar meðal annars um hlutverkaskipti, það er þegar afkomendur verða umönnunaraðilar og hvaða áhrif það getur haft á samskiptin. „Þegar foreldrarnir eldast getur skipt máli hvernig tengslin voru við börnin frá upphafi. Lítil börn læra að ganga og styðja sig við hina fullorðnu og sama gerist þegar við eldumst, eigum erfitt með gang og þurfum að styðja okkur við hina yngri. Þótt hinn aldraði þurfi stundum mikla aðstoð, eins og börnin í upphafi, má ekki gleymast að börnin læra allt frá byrjun en hinn aldraði hefur mikla lífsreynslu að baki," segir Hafdís.

„Ég mun fara yfir eitt af mikilvægustu atriðunum í samskiptum, að setja sjálfum sér og öðrum mörk. Það er hvenær við erum að vaða yfir aðra, stjórnast í lífi annarra eða leyfa öðrum að vaða yfir okkur. Einnig mun ég ræða um muninn á meðvirkni og umhyggju en það getur verið þunn lína þar á milli," útskýrir Hafdís.

## Togstreita við foreldra

Það geta komið upp margvísleg vandamál þegar foreldrar eldast og Hafdís segist vita til þess. „Þótt ég trúi því að góð samskipti séu algengari en slæm þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að það koma oft upp vandamál þegar foreldrar eru komnir á efri ár. Það getur komið upp togstreita á milli aldraðra foreldra og barna þeirra þegar hlutverkaskipti verða. Einnig koma upp vandamál á milli systkina. Hver gerir mest fyrir mömmu eða pabba? Einu systkini

**Framhald á síðu 2 ➜**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Framhald af forsíðu ➜

finnst það gera mun meira á meðan hinum systkinunum finnst þau gera nóg. Stundum er hugtakið nóg ekki það sama í huga allra. Einnig getur komið upp annað vandamál hjá systkinum, þeim gæti fundist að sá sem fékk mest sem barn geri minnst þegar kemur að því að aðstoða foreldra á efri árum.

## Samlokukynslóðin

Öldruðum foreldrunum finnst sundum samskiptin of lítil á meðan afkomendum finnst þau vera mikil eða allavega nægileg. Blendnar tilfinningar koma þá upp hjá aðstandendum, jafnvel samviskubit eða sektarkennd. Hvernig tengslin voru áður getur haft áhrif á hvernig samskiptin þróast. Ef einhverjir fortíðardraugar eru í farangrinum þarf að gera þá upp svo foreldrarnir geti átt gott ævikvöld. Það er mikilvægt fyrir aldraða foreldra að hafa stuðning. Ekki með neikvæðni, látum eða nöldri," segir Hafdís og bætir við að tímaskortur og vinnuálag sé algengt í þjóðfélaginu og fullorðnu börnin hafa oft nóg með eigin börn. „Þá skapast álag og stress. Þetta er samlokukynslóðin, það er þegar einhver er á milli sinnar eigin fjölskyldu annars vegar, það er maka og barna, jafnvel barnabarna, og hins vegar aldraðra foreldra sem þarf að sinna. Uppkomnu börnin reyna að sinna báðum hlutverkunum vel og eru jafnvel í fullri vinnu líka. Við þessar aðstæður upphefst streita, mikið álag og lítil þolinmæði fyrir stundum neikvæðum eða einmana ættingja."

## Tilætlunarsemi foreldra

Þegar Hafdís er spurð hvort aldraðir foreldrar séu ýtnir eða tilætlunarsamir við aðstandendur sína, segir hún að það gerist. „Það kemur til dæmis fyrir að hinn aldraði vill enga þjónustu heim þótt hann eigi rétt á henni. Ástæðan er sú að honum finnst að börnin geti séð um þetta. Hann eigi það inni. Sumir vilja gera allt sjálfir þótt þeir hafi ekki burði til þess og aðstoðin lendir á börnunum. Þá koma fagaðilar sterkir inn, til dæmis heimilislæknirinn eða hjúkrunarfræðingur. Stundum tekur eldra fólk meira mark á lækninum en sínum nánustu. Ég hef séð slæm dæmi þess að aldraðir foreldrar eru svo tilætlunarsamir við uppkomið barn sitt að sá einstaklingur varð hreinlega andlega og líkamlega veikur. Álagið var orðið svo mikið að hann réð ekki við aðstæðurnar. Það gerir engum gott, hvorki hinum aldraða, né uppkomnu barni hans eða samfélaginu."

## Þunglyndi eða einmanaleiki

Þekkt vandamál hjá öldruðum er þunglyndi. Hafdís segir að þegar fólk eldist geti margt gerst sem valdi vanlíðan. „Miklar breytingar geta átt sér stað. Það getur verið ástvinamissir, heilsutap og að fólk er ekki lengur á vinnumarkaði. Mikil sorg getur fylgt þessu æviskeiði. Skiljanlega finna margir fyrir depurð. Að horfa á eftir maka, vinum og öðrum ástvinum eykur hættu á þunglyndi. Mikilvægt er að fólk geti rætt líðan sína en stundum þarf fagaðila, til dæmis fjölskyldufræðing, til að finna leiðir að betri líðan. Fleiri samverustundir gætu skipt máli en þær þurfa að vera nærandi fyrir báða aðila. Ýmis þjónusta sem er í boði fyrir aldraða getur haft góð áhrif. Námskeið til að styrkja fólk til sjálfshjálpar og virkja það félagslega. Það getur verið nærandi og skemmtilegt að vera í samskiptum við fólk á sínu reki. Því miður er ég hrædd um að það vanti heilmikið upp á afþreyingu fyrir aldraða en það er samfélagslegt vandamál. Ég hef grun um að það sé frekar verið að greina eldra fólk með þunglyndi eða kvíða þegar það er einfaldlega einmana. Það er bara mín skoðun og engin vísindaleg rannsókn á bak við það," segir Hafdís.

## Að missa ástvin

Á efri árum stendur oft eiginkona eða eiginmaður eitt eftir þegar hitt fellur frá. Sumir eru lánsamir og eldast saman. „Auðvitað er best að hafa maka sinn hjá sér. Félagsskapurinn hefur góð áhrif ef sambandið er gott," segir Hafdís. „Hins vegar er líka erfitt ef annar makinn er orðinn sjúklingur og hinn í umönnunarhlutverki. Það er mikið álag. Ég hef orðið vör við að börnum hinna öldruðu líður betur að vita af foreldrum sínum saman þar sem oft er áhyggjuefni aðstandenda að aldrað foreldri sé eitt eða einmana."

Hafdís segir að það sé góð hugmynd þegar systkini eru fleiri en eitt að þau skiptist á að bjóða foreldrum í mat eða kaffi. „Einnig gæti verið skemmtilegt að hittast heima hjá foreldrunum og fara yfir gamlar ljósmyndir. Ég uppgötvaði sjálf eftir að móðir mín lést og ég fór yfir dánarbúið að ég sat uppi með margar spurningar. Til dæmis hverjir væru á ljósmyndum sem ég fann. Maður heldur að tíminn sé endalaus en svo allt í einu er lífið á enda. Það er því betra að gera hlutina á meðan foreldrarnir eru á lífi og vera sáttur þegar þau kveðja. Gamla fólkið á skilið gott ævikvöld. Á fyrirlestri mínum vænti ég þess að heyra frá gestum um þeirra upplifun og þannig geta aðrir lært. Þetta ætti því að geta orðið líflegar og gagnlegar umræður," segir Hafdís. Námskeið hennar verður 19. október. Nánar um það á lausnin.is.



Hafdís Þorsteinsdóttir fjölskyldufræðingur segir að gamla fólkið eigi skilið gott ævikvöld. MYND/ANTON BRINK

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is




MEMAXI

Memaxi samskiptakerfið heldur utan um daglegt líf

- Dagskrá
- Myndir
- Gestabók
- Minnisatriði
- Upplýsingaspjöld
- Myndsamtöl

Hverjir njóta góðs af Memaxi?

- Aldraðir
- Einstaklingar með fötlun
- Einstaklingar með sérþarfir
- Fjölskyldan sem aðstoðar
- Heilbrigðisstarfsfólk og aðstoðarmenn

Google play | App Store

www.memaxi.is
info@memaxi.is

Eirberg



# Vönduð hjúkrunarrúm fyrir heimili og stofnanir

STIEGELMEYER

- Rafdrifin hjúkrunarrúm með fjórskiptum botni
- Stillanlegt höfða- og fótalag
- Stillanlegar hliðargrindur
- Úrval aukahluta

*Þjónusta er byggir á þekkingu, reynslu og gæðum*

**Verð frá 237.500 kr.**

## Fagmenntað fólk í þína þágu

Á heilbrigðissviði Eirbergs á Stórhöfða 25 starfar hópur fólks með sérþekkingu og mikla reynslu. Heilbrigðismenntað starfsfólk býr yfir víðtækri fagþekkingu á vörum og búnaði en metnaður er lagður í að greina þarfir viðskiptavina og koma til móts við óskir þeirra. Við veitum heilbrigðisstofnunum, fagfólki og einstaklingum faglega ráðgjöf og góða þjónustu.

Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf.

Heilbrigðissvið Eirbergs er staðsett að Stórhöfða 25 og er fagþjónusta veitt alla virka daga frá kl. 9:00 til 16:30. Tímapantanir eru í síma 569 3100.

Eirberg Heilsa, Stórhöfða 25 • Eirberg Lífstíll, Kringlunni 1. Hæð • Sími 569 3100 • eirberg.is

# Léttir smellir og ættjarðarlög

Gunnar Björnsson, stjórnarformaður kórs Félags eldri borgara í Reykjavík, segir hollt að þenja lungun í söng. Kórstarfið sé bæði gefandi og skemmtilegt og haldi fólki í formi.



Gunnar Björnsson heldur utan um kór Félags eldri borgara í Reykjavík. Kórinn æfir einu sinni í viku og segir Gunnar söng tilvalinn til að halda sér í formi. MYND/EYÞÓR

Ég vil meina að söngur sé afar góður fyrir lungun og öndunina. Hann reynir á og er því mjög góður fyrir eldra fólk,“ segir Gunnar Björnsson, stjórnarformaður kórs Félags eldri borgara í Reykjavík. Sjálfur hefur hann sungið með kórnum í fimmtán ár og haldið um stjórnartaumana í sjö ár.

„Þetta er sérlega skemmtilegur félagsskapur. Ég er reyndar í þremur kórum og hef nóg að gera en ég er einnig stjórnarformaður í karlakór. Þetta er mjög gefandi starfsemi. Ætli ég hafi ekki byrjaði að syngja í kringum 1957. Ef maður getur sungið þá heldur maður áfram. Það er ekki hægt að slíta sig frá þessu. Í kórnum er yfirleitt fólk sem hefur verið í öðrum kórum áður, karlakórum og blönduðum kórum,“ segir hann.

Í kór Félags eldri borgara í Reykjavík eru á bilinu 35 til 40 manns og eru elstu söngvararnir að nálgast nírætt. Æfingar fara fram í húsnæði Félags eldri borgara í Stangarhyl einu sinni í viku.

„Við byrjum æfingarnar yfirleitt seinni partinn í september og ljúkum tímabilinu með konsert í byrjun maí. Söngskráin samanstendur af gömlum ættjarðarlögum og léttum smellum. Eitthvað sem við vitum að fólk hefur gaman af að hlusta á og fólkið sem er að syngja hefur ánægju af að flytja. Söngurinn sjálfur er gefandi ef fólk hefur gaman af tónlist og hefur góða rödd. Félagsskapurinn er líka skemmtilegur,“ segir Gunnar.

„Hópurinn fór gjarnan saman í ferðir en við höfum reyndar ekki gert það síðustu ár. Það er dýrt að halda þessu úti og allar ferðir kosta mikið.“

Gunnar er sjálfur 85 ára og situr ekki auðum höndum. Það sé það versta sem fólk geti gert þegar það hættir að vinna.

„Ég er húsasmíðameistari og var mjög lengi í ýmsum félagsmálum. Var til að mynda formaður og framkvæmdastjóri meistarafélags byggingamanna í ein tuttugu ár. Sat einnig í stjórn Íbúðalánasjóðs og Húsnæðisstofnunar ríkisins í 30 ár. Það er langt síðan ég hætti að vinna en það eru auðvitað alltaf viðbrigði fyrir fólk. Ég sit enn í alls konar nefndum en sæki reyndar ekki annað félagsstarf hjá Félagi eldri borgara. Það er nóg fyrir mig að vera með kórinn. Ég geri líka mikið af því að hjálpa börnunum mínum ef þau þurfa að breyta eða bæta eitthvað hjá sér. Ég held að það að setjast á rassinn og gera ekki neitt þegar kemur að starfslokum sé það versta sem fólk getur gert. Þá brennur það fljótt út.“

> Ef maður getur sungið þá heldur maður áfram. Það er ekki hægt að slíta sig frá þessu.



> „Við byrjum æfingarnar yfirleitt seinni partinn í september og ljúkum tímabilinu með konsert í byrjun maí. Söngskráin samanstendur af gömlum ættjarðarlögum og léttum smellum.“

fastus.is

FASTUS LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ



DAGLEG HJÁLPARTÆKI




NÆRINGARDRYKKIR



ÞREKHJÓL



GÖNGUGRINDUR



HÆGINDASTÓLAR

Verið velkomin í verslun okkar
Opið virka daga kl. 8:30–17:00
Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | fastus.is

FASTUS
Veit á vandaða lausn


FULL BÚÐ AF FALLEGUM HAUSTVÖRUM
Stærðir 14-28 eða 42-56
Sjáðu úrvalið á www.curvy.is eða komdu við í verslun okkar að Fákafeni 9
Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16
Curvy.is
13.990 kr
Stærðir 42-54
4.990 kr
Stærðir 42-56
6.990 kr
Stærðir 42-56
21.990 kr
Stærðir 42-56
16.990 kr
Stærðir 42-56
8.990 kr
Stærðir 42-56
19.990 kr
Stærðir 42-56
4.290 kr
Stærðir 42-56
VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS
Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Við erum á Snap chat > Curvy.is
Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



SmartíLab hópurinn sem stendur á bak við leikritið. Í efri röð f.v.: Martin Sörensen framkvæmdastjóri, Sara Marti leikstjóri, Kjartan Darri Kristjánsson leikari, Agnes Wild leikkona og Arnar Ingvarsson ljósahönnuður. Neðri röð f.v.: Bjarni Snæbjörnsson leikari, Sigrún Huld Skúladóttir leikkona og Guðmundur Felixson leikari. MYNDIR/GEIRIX



Baldur fær kvíðakast.

# Kvíðinn í gamansömum tón

## Leikritið Fyrirlestur um eitthvað fallegt sem sýnt er í Tjarnarbíói fjallar um kvíðann frá ýmsum sjónarhornum. Leikhópurinn SmartíLab notar grínið til að ná inn í hjartað á áhorfandanum.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Gamanleikritið Fyrirlestur um eitthvað fallegt var frumsýnt í Tjarnarbíói fyrir viku. Í leikritinu er kvíðinn skoðaður út frá ýmsum sjónarhornum og m.a. kafað í tilfinningar, hugsanir, magaverki, tölvuleiki, geðlyf, svefntruflanir, sjálfsþekkingu, sigra, bata, hugarangur og sálarfrið. Ofurhetjukvíðamaðurinn kemur einnig við sögu í leikritinu að sögn Söru Marti Guðmundsdóttur, leikstjóra og eins höfunda verksins. „Reyndar frumsýndum við verkið í apríl en aðsóknin var svo góð að við vorum beðin um að sýna það aftur. Í millitíðinni misstum við einn leikara og fengum annan til að koma í hans stað. Um leið notuðum við tækifærið til að breyta verkinu og bæta það. Við tókum fullt af senum út og bættum mörgum nýjum við. Endirinn er annar og verkið bara betra finnst mér og því má segja að þetta hafi verið nokkurs konar frumsýning hjá okkur í síðustu viku.“

